




Alþjóða kappsiglingareglur

2017–2020

KAPPSIGLINGAMERKI


Merking fána og hljóðmerkja eru fyrir neðan myndirnar. Örvar sem benda upp eða niður (↑ ↓) merkja að fáni er dreginn upp eða tekinn niður. Punktur (•) þýðir hljóðmerki; fimm stutt strik (— — — —) þýða endurtekin hljóðmerki; langt strik (—) þýðir langt hljóðmerki. Þegar fáni er settur yfir flokksmerki gildir hann aðeins fyrir þann flokk.

Frestunarkerki




AP Keppnum sem ekki eru hafnar er *frestað*.

Viðvörðunarkerki verður gefið 1 mínútu eftir að fáninn er tekinn niður nema keppni sé *frestað* aftur eða *hætt* við keppnina.



AP yfir H Keppnir sem ekki eru hafnar er *frestað*. Frekari upplýsingar í landi



AP yfir A Keppnir sem ekki eru hafnar er *frestað*. Engin frekari keppni í dag.

AP yfir tölufána 1–9

Frestun um 1–9 klst. frá upphaflegum rástíma.



Fáni 1 ↑•• ↓•



Fáni 2 ↑•• ↓•



Fáni 3 ↑•• ↓•



Fáni 4 ↑•• ↓•



Fáni 5 ↑•• ↓•



Fáni 6 ↑•• ↓•



Fáni 7 ↑•• ↓•



Fáni 8 ↑•• ↓•





Fáni 9 ↑•• ↓•


Merki um að hætt sé við keppni



N *Hætt* við allar byrjaðar keppnir. Komið á rássvæði. Viðvörðunarkerki verður gefið 1 mínútu eftir að fáninn er tekinn niður nema *hætt* verði þá aftur við keppni eða henni *frestað*.




N yfir H *Hætt* við allar keppnir. Frekari upplýsingar í landi.




N yfir A *Hætt* við allar keppnir. Engar frekari keppnir í dag.

Undirbúningsmerki



↑● ↓—

P Undirbúningsmerki




↑● ↓—

I Regla 30.1 gildir.



↑● ↓—

Z Regla 30.2 gildir.



↑● ↓—

U Regla 30.3 gildir.



↑● ↓—


Svartur fáni. Regla 30.4 gildir

Afturköllunarkerki



↑●


X Afturköllun einstakra báta.



↑●● ↓●

Fyrsti skiptifáni Almenn afturköllun. Viðvörðunarkerki gefið 1 mínútu eftir að fáni er tekinn niður.

Braut stytt



↑●●

S Brautin hefur verið stytt. Regla 32.2 gildir.

Breyting á næsta legg



C Staðsetningu næsta merkis hefur verið breytt:




á stjórnborða,



á bakborða,



leggur stytur,



leggur lengdur.

Önnur merki



↑●

L Í landi: Tilkynning til keppenda hefur verið sett upp. Á sjó: Komið í kalfæri við þennan bát eða eltið þennan bát.



M Hlutur sem sýnir þetta merki kemur í stað tapaðs merkis.



↑●

Y Klæðist flotbúnaði (sjá reglu 40).



(ekkt hljóð)

Blár fáni eða form. Þessi bátur keppnisstjórnar er staðsettur við marklínu.

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



**Alþjóða
kappsiglingareglur**

2017–2020



As the leading authority for the sport, World Sailing promotes and supports the protection of the environment in all sailing competitions and related activities throughout the world.

Siglingasamband Íslands:

Íþróttamiðstöðin Laugardal
Engjavegi 6
104 Reykjavík

Sími (+354) 514 4210

Netfang sil@silsport.is

Vefsíða silsport.is

íslensk þýðing © Siglingasamband Íslands (SÍL)

Allar ábendingar um það sem betur má fara í textanum eru vel þegnar og má senda á sil@silsport.is.

Published by World Sailing (UK) Limited, Southampton, UK

© World Sailing Limited

June 2016

EFNISYFIRLIT

	Kappsiglingamerki	innan á forsíðu
	Skjöl á netinu	4
	Inngangur	5
	Skilgreiningar	7
	Almenn meginregla	11
1. kafli	Grundvallarreglur	11
2. kafli	Þegar bátar mætast	14
3. kafli	Framkvæmd keppni	20
4. kafli	Aðrar kröfur í keppni	26
5. kafli	Kærur, leiðrétting, kærufundir, óíþróttamannsleg framkoma, áfrýjun	33
6. kafli	Skráning og hlutgengi	47
7. kafli	Skipulagning keppni	49
	Viðaukar	
	Kærublað	55

SKJÖL Á NETINU

World Sailing hefur sett upp vefsíðu þar sem hægt er að finna á einum stað tengla á öll þau skjöl sem aðgengileg eru á *World Sailing*-vefnum og sem vísað er til í þessari bók. Þessi skjöl eru talin hér að neðan. Tenglar á önnur skjöl eða reglur eru einnig á þessari síðu..

Vefslóðin er: sailing.org/racingrules/documents.

Introduction Guidelines for discretionary penalties	5
Changes made to these rules after 1 January 2017	6
World Sailing Codes (Regulations 19, 20, 21, 22, 35, and 37)	6
<i>Case Book, Call Books for Match and Team Racing</i>	6
Rule 42 Interpretations of Rule 42, Propulsion	28
Rule 49 <i>World Sailing Offshore Special Regulations</i>	31
Appendix C Preamble Standard Notice of Race for Match Racing	78
Standard Sailing Instructions for Match Racing	78
Match Racing Rules for Blind Competitors	78
Rule E5.2 International Radio Sailing Association Addendum Q	104
Appendix F Preamble Rules for other kiteboard racing formats	109
Rule G1.1 Up-to-date version of the table of national sail letters	120
Appendix K Template for Notice of Race Guide	131
Appendix L Template for Sailing Instructions Guide	140
Appendix LE, Expanded Sailing Instructions Guide	140
Appendix M Guidance on conflicts of interest	159
Guidance on misconduct	163
Appendix T International Judges Manual	181

INNGANGUR

Kappsiglingareglur þessar eru í tveimur megin hlutum. Í fyrri hlutanum, köflum 1-7, eru reglur sem snerta alla keppendur. Seinni hlutinn er viðaukar A-P sem innihalda reglur í smáatriðum, reglur sem eiga við um sérstakar tegundir keppni og reglur sem aðeins eiga við um fáa keppendur eða yfirvald.

Hugtök

Þegar hugtak er notað þeirri merkingu sem gefin er í skilgreiningunum er það prentað með *skáletri* eða *feitú skáletri* í formálum (t.d. *kappsigling* og ***kappsigling***).

Hugtökin í eftirfarandi töflu eru notuð í *Alþjóða kappsiglingareglunum* í þeirri merkingu sem hér er gefin.

<i>Hugtak</i>	<i>Merking</i>
bátur	seglbátur og áhöfnin um borð
keppandi	aðili sem keppir eða ætlar sér að keppa á móti
landsyfirvald	landsyfirvald sem er aðili að World Sailing
keppnisstjórn	keppnisstjórn sem skipuð er í samræmi við reglu 89.2(c) og sérhver aðili eða nefnd sem sinnir hlutverki keppnisstjórnar
kappsiglinga-regla	regla í <i>Alþjóða kappsiglingareglunum</i>
tækninefnd	tækninefnd sem skipuð er skv. reglu 89.2(c) og sérhver aðili eða nefnd sem sinnir hlutverki tækninefndar
farkostur	sérhver bátur eða skip

Önnur hugtök eru notuð í sínum eðlilega skilningi í almennu máli eða sjómannamáli.

Athugasemd Athugasemdin „[DP]“ í *reglu* merkir að refsingin fyrir brot á *reglunni*, samkvæmt ákvörðunarrétti kærunefndarinnar, getur verið vægari en brottvísun. Leiðbeiningar um refsingar er lúta ákvörðunarrétti má fá á vefsíðu World Sailing.

Endurskoðun Kappsiglingareglurnar eru endurskoðaðar og gefnar út fjórða hvert ár af World Sailing, sem er alþjóðlegt yfirvald íþróttarinnar. Þessi útgáfa tekur gildi 1. janúar 2017 en gildistöku má

fresta hafi keppni hafist 2016 og þess sé getið í tilkynningu um keppni og kappsiglingafyrirmælum. Merkingar á spássíu gefa til kynna mikilvægar breytingar á köflum 1–7 og skilgreiningunum frá því sem er í útgáfu 2013–2016. Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar fyrir árið 2021, en breytingar sem taldar eru áriðandi fyrir þann tíma verða tilkynntar fyrir milligöngu landsyfirvalda og auglýstar á heimasíðu World Sailing.

Viðaukar Séu reglur í viðauka í mótsögn við kafla 1-7 gilda reglur og skilgreiningar í viðaukanum. Sérhver viðauki er auðkenndur með bókstaf. Tilvitnun í reglu í viðauka er auðkennd með bókstaf og síðan reglunúmeri (dæmi: „regla A1“) Það er enginn viðauki I eða O.

Reglugerðir World Sailing World Sailing-reglugerðirnar eru taldar upp í eftirfarandi töflu. Reglugerðirnar eru birtar í reglusafni World Sailing (*World Sailing Regulations*).

<i>Heiti</i>	<i>Kappsiglingaregla</i>	<i>Reglugerð</i>
Advertising Code	80	20
Anti-Doping Code	5	21
Betting and Anti-Corruption Code	6	37
Disciplinary Code	7	35
Eligibility Code	75.2	19
Sailor Classification Code	79	22

Vísað er í þessar reglugerðir í skilgreiningunni á *reglu* en þær eru ekki í þessari bók þar sem þeim getur verið breytt hvenær sem er. Nýjustu útgáfur á þessum reglugerðum má vinna á vefsíðu World Sailing; nýjar útgáfur eru tilkynntar af landsyfirvöldum.

Skýringar og fordæmi World Sailing gefur út túlkanir á kappsiglingareglum í riti sem nefnist *The Case Book for 2017–2020* og eru viðurkenndar sem opinberar túlkanir og útskýringar á kappsiglingareglunum. World Sailing gefur einnig út *The Call Book for Match Racing for 2017-2020* og *The Call Book for Team Racing for 2017-2020* og viðurkennir þær einungis í tvíliðakeppni og liðakeppni þar sem dómari er úti á vatninu. Þessar útgáfur eru fánlegar á vefsíðu World Sailing.

SKILGREININGAR

Pegar hugtak er notað í skilgreindri merkingu sinni er það prentað með skáletri, eða með feitu skáletri þegar um er að ræða inngangskafila. Merking nokkurra annara hugtaka er gefin í hugtakakaflanum í inngangskafilanum.

Aðili *Aðili að kærufundi:*

- (a) kærufundur vegna kæru: kærandi, kærði;
- (b) kærufundur vegna beiðni um leiðréttingu: bátur sem óskar leiðréttingar eða bátur sem beiðni um leiðréttingu á við, keppnisstjórn sem starfar skv. reglu 60.2(b), tækninefnd sem starfar skv. reglu 60.4(b);
- (c) vegna beiðni um leiðréttingu skv. reglu 62.1(a): sá aðili sem borinn er sökum um óviðeigandi hegðun eða vanrækslu;
- (d) aðili sem borinn er sökum um að hafa brotið gegn reglu 69; aðili sem leggur fram ásökun um brot skv. reglu 69;
- (e) *aðstoðarmaður* sem kallaður er til kærufundar skv. reglu 60.3(d).

Hins vegar er kærunefnd aldrei *aðili*.

Aðstoðarmaður *Sérhver aðili sem*

- (a) veitir eða gæti veitt keppanda aðstoð eða ráðgjöf, þ.m.t. leiðbeinandi, þjálfari, stjórnandi, starfsmaður keppnisliðs, læknir, bráðataeknir eða einhver annar aðili sem vinnur með, meðhöndlar eða aðstoðar keppanda í keppni eða við undirbúning hennar, eða
- (b) er foreldri eða forráðamaður keppanda.

Eðlileg stefna *Hver sú stefna sem seglbátur mundi sigla til að ljúka keppni á sem skemmstum tíma ef ekki kæmu til þeir bátar sem vísað er til í reglunni þar sem hugtakið er notað. Ekki er um að ræða neina eðlilega stefnu fyrir en ræsingarmerki hefur verið gefið.*

Frestun *Keppni er frestað ef hún er ekki hafin á réttum tíma en getur farið fram síðar eða við hana hætt.*

Hagsmunaárekstur *Aðili á í hagsmunaárekstri ef viðkomandi*

- (a) getur hagnast eða tapað vegna úrskurðar sem viðkomandi tekur þátt í,
- (b) gæti með sanngjörnum hætti virst eiga persónulega eða fjárhagslega hagsmuni sem gætu haft áhrif á getu viðkomandi til að vera óvilhallur, eða
- (c) hefur nána persónulega hagsmuni vegna úrskurðar.

Hindrun *Hindrun* er hver sá hlutur sem seglbátur getur ekki siglt fyrir án þess að breyta verulega um stefnu ef hann væri á siglingu beint í átt til þess í einnar eigin bátslengdar fjarlægð frá honum. Hlutur sem aðeins er hægt að komast framhjá öðru megin er *hindrun* og einnig hlutur sem í kappsiglingafyrirmælum er skilgreindur sem *hindrun*. Bátur sem er að *keppa* er hins vegar ekki *hindrun* fyrir aðra báta nema þeim beri að *víkja* fyrir honum eða regla 23 gildir um að forðast hann. Bátur á siglingu, þar með talinn bátur í *keppni*, er aldrei samfelld *hindrun*.

Háls, stjórnborðsháls, bakborðsháls Bátur siglir á þeim *hálsi* (stjórnborðs- eða bakborðshálsi) sem svarar til *kulborða* hans.

Hefja keppni Bátur *hefur keppni* þegar einhver hluti bátsskrokks, áhafnar eða búnaðar fer yfir ráslínu í átt að fyrsta *merki* eftir að hann hefur allur verið rásmegin við ráslínu, og farið eftir reglu 30.1 ef hún á við.

Hléborði og kulborði *Hléborði* seglbáts er sú hlið bátsins sem snýr undan vindi, eða sneri undan vindi þegar hann er með stefnið upp í vindinn. Þegar bátur siglir beint undan vindi er *hléborði* sú hlið bátsins þar sem stórseglið er. Hin hliðin er *kulborði*. Þegar tveir bátar á sama *hálsi skarast* er sá sem er á *hléborða* við hinn *hléborðsbátur*. Hinn er *kulborðsbátur*.

Hætt við keppni Keppni sem keppnisnefnd eða kærunefnd *hættir við* er ógild en hana má endurtaka.

Keppa Seglbátur *keppir* frá því að undirbúningsmerki hans hefur verið gefið þar til hann hefur *lokið keppni* og er laus af marklínu og frá marklínúmerkjum eða hætt keppni eða þar til keppnisstjórn gefur merki um almenna afturköllun, *frestun*, eða að *hætt* hafi verið við keppnina.

Kulborði Sjá *Hléborði og kulborði*.

Kæra Ásökun báts, keppnisstjórnar, tækninefndar eða kærunefndar skv. reglu 61.2 um að bátur hafi brotið *reglu*.

Laus fyrir aftan eða laus fyrir framan, skörun Bátur er *laus fyrir aftan* annan bát þegar skrokkur hans og útbúnaður í eðlilegri stöðu eru aftan við ímyndaða línu sem dregin er þvert frá aftasta hluta annars bátsskrokks eða útbúnaðar í eðlilegri stöðu. Hinn báturinn er *laus fyrir framan*. Bátar *skarast* þegar hvorugur bátur er *laus fyrir aftan*. Þó telst það einnig *skörun* þegar bátur sem siglir milli þeirra *skarast* við báða. Þessi hugtök gilda alltaf um báta á sama *hálsi*. Þau gilda aðeins um báta á gagnstæðum *hálsi* þegar regla 18 á við, eða þegar báðir bátar sigla meira en 90° frá raunvindi.

Ljúka keppni Batur *lýkur keppni* þegar einhver hluti bátsskrokksins, áhafnar eða búnaðar í eðlilegri stöðu fer yfir marklínu í rétta átt. Þó hefur hann ekki lokið keppni ef hann, eftir að hafa farið yfir línu:

- (a) tekur út refsingu skv. reglu 44.2,
- (b) leiðréttir mistök við marklínu skv. reglu 28.2, eða
- (c) heldur áfram að sigla brautina.

Merki Hver sá hlutur sem tilgreindur er í kappsiglingafyrirmælum að seglbátur þurfi að sigla fyrir eða framhá á tiltekið borð eða keppnisstjórnarbátur sem umflotinn er vatni og markar annan enda ráslínu eða marklínu. Legufæri eða hlutur sem kann að vera áfastur *merkinu* af tilviljun eða um stundarsakir telst ekki hluti þess.

Regla

- (a) Reglurnar í þessari bók, að meðtöldum skilgreiningum, kappsiglingamerkjum, inngangsköflum, inngangsorðum og reglum í viðeigandi viðaukum, en að undanskildum fyrirsögnum;
- (b) World Sailing Advertising Code, Anti-Doping Code, Betting and Anti-Corruption Code, Disciplinary Code, Eligibility Code, Sailor Classification Code, þ.e. samsvarandi reglugerðir 20, 21, 37, 35, 19 og 22;
- (c) sérstök fyrirmæli landsyfirvalds, nema þeim sé breytt með tilkynningu um keppni eða kappsiglingafyrirmælum í samræmi við fyrirmæli landsyfirvalds skv. reglu 88.2, ef einhver eru;
- (d) flokksreglur (fyrir báta sem keppa samkvæmt forgjafarreglum eða flokksreglum, en þær reglur teljast „flokksreglur“);
- (e) tilkynningin um keppni;
- (f) kappsiglingafyrirmælin; og
- (g) hver þau skjöl, sem gilda um tiltekið kappsiglingamót.

Rúm *Rúm* er það svigrúm, sem bátur þarf við ríkjandi aðstæður, þ.m.t. svigrúm til að lúta reglunum í 2. hluta og reglu 31, til að unnt sé að stjórna honum að hætti góðrar sjómennsku.

Rúm við merki *Rúm* báts til að sigla réttum megin við *merki*. Einnig:

- (a) *rúm* til að sigla að *merkinu* þegar *eðlileg stefna* er að sigla nálægt því og
- (b) *rúm* til að sigla fyrir *merkið* eins og nauðsynlegt er til að sigla brautina.

Þó gefur *rúm við merki* ekki *rúm* til að venda nema bátur sé með skörun innan við og á *kulborða* báts sem á að veita *rúm við merki* og hann *sækir að merkinu* eftir vendinguna.

Skörun Sjá *Laus fyrir aftan* og *Laus fyrir framan, skörun*.

Sækja að merki Bátur *sækir að merki* þegar hann er í stöðu til að fara fyrir merki áveðurs eða er fara fyrir merki réttu megin án þess að venda.

Svæði *Svæði* umhverfis *merki* sem er innan þriggja bátslengda þess báts sem er nær því. Bátur er inni á *svæði* þegar einhver hluti skrokksins er á *svæðinu*.

Víkja Bátur *víkur* fyrir báti sem er í rétti:

- (a) ef báturinn sem er í rétti getur siglt stefnu sína án þess að gera nokkuð til að forðast árekstur og
- (b) þegar bátarnir skarast, ef báturinn sem er í rétti getur breytt stefnu í báðar áttir án þess að snerta strax hinn bátinn.

ALMENN MEGINREGLA

ÍPRÓTTAMENNSKA OG REGLURNAR

Um keppendur í siglingaíþróttinni gilda *reglur* sem þeim er ætlað að fara eftir og framfylgja. Grundvallarregla íþróttamennsku er að þegar keppendur brjóta gegn *reglu* taki þeir þegar í stað út refsingu, t.a.m. með því að hætta keppni.

ÁBYRGÐ GAGNVART UMHVERFINU

Þátttakendur eru hvattir til að lágmarka öll neikvæð áhrif siglingaíþróttarinnar á umhverfið.

1. KAFLI

GRUNDVALLARREGLUR

1 ÖRYGGI

1.1 Að veita aðstoð

Sérhver bátur eða keppandi skal veita öllum bátum eða mönnum, sem eru í hættu staddir, alla þá aðstoð sem aðstæður hans leyfa.

1.2 Öryggisbúnaður og flotbúnaður

Í hverjum bát skal vera öryggisbúnaður fyrir alla um borð, þar með talið einn sem tilbúinn er til notkunar fyrirvaralaust, nema flokksreglur segi til um annað. Hver keppandi er ábyrgur fyrir að klæðast flotbúnaði sem dugar við ríkjandi aðstæður.

2 DRENGILEG KEPPNI

Bátur og eigandi hans skulu keppa í samræmi við viðurkenndar grundvallarreglur um heiðarlega keppni og góða íþróttamennsku. Aðeins má refsa bát samkvæmt þessari reglu þegar um er að ræða staðfest og skýlaust brot á þessum grundvallarreglum. Refsingin skal vera annað hvort brottvísun eða brottvísun sem ekki má undanskilja (DNE).

3 AÐ GANGAST UNDIR REGLURNAR

- 3.1 (a) Með því að taka þátt í kappsiglingu þar sem þessar *reglur* gilda samþykkir sérhver keppandi og bátseigandi að hlíta þessum *reglum*.
- (b) *Aðstoðarmaður* sem veitir aðstoð eða foreldri eða forráðamaður sem heimilar barni sínu að taka þátt í keppni samþykkir með því að hlíta *reglunum*.
- 3.2 Sérhver keppandi og bátseigandi samþykkir fyrir hönd *aðstoðarmanna* sinna að viðkomandi *aðstoðarmenn* eru bundnir af *reglunum*.
- 3.3 Að gangast undir reglurnar felur í sér:
- (a) að hlíta *reglunum*;
- (b) að samþykkja álagða refsingu og aðrar ákvarðanir teknar samkvæmt *reglunum*, með fyrirvara um þær áfrýjunar- og endurupptökuleiðir sem þær kveða á um, sem endanlega niðurstöðu sérhvers álitamáls sem upp kann að koma samkvæmt þeim; og
- (c) að leita ekki varðandi slíka ákvörðun til dómstóla eða úrskurðaraðila sem ekki er kveðið á um í *reglunum*; og
- (d) að hver keppandi eða eigandi báts tryggi að *aðstoðarmenn* þeirra séu meðvitaðir um *reglurnar*.
- 3.4 Sá aðili sem ber ábyrgð á bát skal tryggja að allir keppendur í áhöfninni og eigandi bátsins séu meðvitaðir um þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt þessari reglu.
- 3.5 Þessari reglu má breyta með fyrirmælum landsyfirvalds mótsins.

4 ÁKVÖRÐUN UM AÐ KEPPA

Ákvörðun um að taka þátt í eða halda áfram *keppni* er alfarið á ábyrgð hvers báts.

5 BÖNNUÐ EFNI

Keppandi skal hlíta alþjóða lyfjareglunum World Anti-Doping Code, reglum World Anti-Doping Agency, og World Sailing-reglugerð 21, lyfjareglugerð. Um ætluð eða raunveruleg brot á þessari reglu fer

skv. reglugerð 21. Ætluð brot á reglu þessari er ekki tilefni til *kæru* og regla 63.1 gildir ekki.

6 VEDMÁL OG SPILLING

Sérhver keppandi, bátseigandi og *aðstoðarmaður* skal hlíta World Sailing-reglugerð 37, veðmála- og spillingarreglugerð. Um ætluð eða raunveruleg brot á þessari reglu fer samkvæmt reglugerð 37. Ætluð brot á reglu þessari eru ekki tilefni til *kæru* og regla 63.1 gildir ekki.

7 AGAREGLUR

Sérhver keppandi, bátseigandi og *aðstoðarmaður* skal hlíta World Sailing-reglugerð 35, reglugerð um agamál, áfrýjanir og endurskoðun (hér eftir vísað til sem „Agareglur“). Um ætluð eða raunveruleg brot á þessari reglu fer samkvæmt reglugerð 35. Ætluð brot á reglu þessari er ekki tilefni til *kæru* og regla 63.1 gildir ekki.

2. KAFLI

ÞEGAR BÁTAR MÆTAST

*Reglur í 2. kafla gilda milli báta sem eru að sigla á eða nálægt keppnissvæði og ætla að **keppa**, eru að **keppa** eða hafa verið að **keppa**. Bátum sem ekki eru **keppa** skal þó ekki refsað fyrir að brjóta þessar reglur, nema reglu 14 þegar atvikið veldur meiðslum eða alvarlegu tjóni, eða reglu 24.1.*

Þegar bátur sem siglir samkvæmt þessum reglum mætir skipi sem siglir ekki samkvæmt þeim gilda Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (IRPCAS) eða opinberar reglur einstakra landa um umferðarétt. Sé það tekið fram í kappsiglingafyrirmælum gilda alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (IRPCAS), eða reglur einstakra landa um umferðarrétt, í stað reglna í kafla 2.

HLUTI A RÉTTUR

*Bátur er í rétti gagnvart öðrum báti þegar hinum bátnum er skylt að **víkja** fyrir honum. Þó takmarka nokkrar reglur í B, C og D-hluta athafnir þess báts sem á réttinn.*

10 Á GAGNSTÆÐUM HÁLSI

*Þegar bátar eru á gagnstæðum hálsi skal bátur á **bakborðshálsi** víkja fyrir bát á **stjórnborðshálsi**.*

11 Á SAMA HÁLSI, SKÖRUN

*Þegar bátar eru á sama hálsi og með **skörun** skal bátur á **kulborða** víkja fyrir bát á **hléborða**.*

12 Á SAMA HÁLSI, ENGIN SKÖRUN

*Þegar bátar eru á sama hálsi en ekki með **skörun** skal bátur sem er **laus** fyrir **aftan** víkja fyrir bát sem er **laus** fyrir **framan**.*

13 STAGVENDING

*Þegar bátur hefur farið fyrir vind skal hann **víkja** fyrir öðrum bátum þar til hann er kominn á beitingu. Meðan á því stendur gilda reglur*

10, 11 og 12 ekki. Ef þessi regla á samtímis við um tvo báta, þá skal sá á bakborðshlið hins eða sá sem er fyrir aftan *víkja*.

HLUTI B

ALMENNAR TAKMARKANIR

14 AÐ HINDRA SNERTINGU

Bátur skal hindra snertingu við annan bát ef þess er nokkur kostur. Bátur sem á rétt eða getur krafist *rúms* eða *rúms við merki*

- (a) þarf ekki að hindra snertingu fyrr en það er ljóst að hinn báturinn *víkur* ekki eða gefur ekki *rúm* eða *rúm við merki* og
- (b) verður ekki refsað ef hann brýtur þessa reglu og snertingin veldur ekki tjóni eða meiðslum.

15 AÐ ÖÐLAST RÉTT

Þegar bátur öðlast rétt, skal hann í upphafi gefa hinum bátnum *rúm* til að *víkja* nema ef hann öðlast rétt vegna athafna hins bátsins.

16 AÐ BREYTA STEFNU

16.1 Þegar bátur sem á rétt breytir stefnu skal hann gefa hinum bátnum *rúm* til að *víkja*.

16.2 Nú hefur rásmerki verið gefið og bátur á *bakborðshálsi víkur* með því að sigla aftur fyrir bát á *stjórnborðshálsi*, skal þá báturinn á *stjórnborðshálsi* ekki breyta um stefnu ef það leiðir til þess að báturinn á *bakborðshálsi* þarf þegar í stað að breyta um stefnu til þess að halda áfram að *víkja*.

17 Á SAMA HÁLSI, EÐLILEG STEFNA

Ef bátur sem er *laus fyrir aftan* nær *skörun hléborðsmegin*, innan tveggja eigin bátslengda til *hlés* við bát á sama *hálsi*, skal hann ekki sigla hærra en *eðlilega stefnu* meðan þeir sigla á sama *hálsi* og *skörun* stendur og eru innan þessarar fjarlægðar hvor frá öðrum, nema hann fari strax aftur fyrir *kulborðsbát*. Þessi regla á ekki við ef *skörun* hefst meðan *kulborðsbát* ber að *víkja* samkvæmt reglu 13.

HLUTI C

VIÐ MERKI OG HINDRANIR

Reglur í hluta C gilda ekki við **merki** á ráslínu sem er umflotið siglanlegu vatni, eða akkerislínu þess, frá þeim tíma að bátar nálgast þau til að **hefja keppni** þar til þeir hafa farið fram hjá þeim.

18 RÚM VIÐ MERKI

18.1 Hvenær regla 18 á við

Regla 18 gildir milli báta sem eiga að fara frá *merki* sömu megin og að minnsta kosti annar þeirra er innan *svæðis*. Reglan gildir þó ekki:

- (a) milli báta á gagnstæðum *hálsi* á beitingu,
- (b) milli báta á gagnstæðum *hálsi* þegar *eðlileg stefna* annars, en ekki beggja, til að fara fyrir merkið felst í að stagvenda,
- (c) milli báts sem nálgast *merki* og báts sem er að fara frá því, eða
- (d) ef *merki* er samfelld *hindrun*, en þá gildir regla 19.

18.2 Veita rúm við merki

- (a) Þegar bátar *skarast* skal ytri bátur veita innri bát *rúm við merki* nema ef regla 18.2(b) gildir.
- (b) Ef bátar *skarast* þegar fremri báturinn kemur inn í *svæðið* skal ytri báturinn þá og eftir það veita innri bátnum *rúm við merki*. Ef bátur er *laus að framan* þegar hann nær *svæðinu* skal bátur sem er *laus að aftan* veita honum *rúm við merki*.
- (c) Þegar bát er skylt að veita *rúm við merki* samkvæmt reglu 18.2(b):
 - (1) skal hann halda áfram að gera það jafnvel þó *skörun* rofni eða ný *skörun* myndist;
 - (2) ef hann nær *skörun* innan við bátinn sem á rétt á *rúmi við merki* skal hann einnig veita þeim báti *rúm* til að sigla *eðlilega stefnu* á meðan *skörun* stendur.
- (d) Reglur 18.2(b) og (c) hætta að gilda þegar bátur sem á rétt á *rúmi við merki* hefur fengið það *rúm* eða ef hann fer fyrir vind eða yfirgefur *svæðið*.

- (e) Ef vafi leikur á hvort bátur hafi náð *skörun* eða rofið *skörun* tímanlega skal gert ráð fyrir að svo hafi ekki verið.
- (f) Ef bátur nær *skörun* innan við hinn bátinn frá því að vera *laus fyrir aftan* eða með því að staggvenda til *kuls* við hinn bátinn og ef ytri bátur getur ekki veitt *rúm við merki* eftir að *skörun* myndast, ber honum ekki skylda til að veita það.

18.3 Stagvending í svæðinu

Ef bátur í *svæði merkis* sem á að hafa á stjórnborða staggvendir af *bakborða* yfir á *stjórnborða* og síðan *sækir að merki*, skal hann ekki valda því að bátur sem hefur verið á *stjórnborðshálsi* síðan hann kom inn í svæðið þurfi að sigla upp fyrir fulla beitingu til að forðast snertingu og skal hann gefa rúm við merki ef hinn báturinn nær *skörun* fyrir innan hann. Þegar þessi regla gildir á milli báta gildir regla 18.2 ekki á milli þeirra.

18.4 Kúvending

Þegar innri bátur með rétt vegna *skörunar* þarf að kúvenda við *merki* til að sigla eðlilega stefnu, skal hann ekki fara lengra frá *merki*, áður en hann vendir, en nauðsynlegt er til að sigla *eðlilega stefnu*. Regla 18.4 gildir ekki við *merki* sem er hlið.

19 RÚM TIL AÐ FARA HJÁ HINDRUN

19.1 Hvenær regla 19 gildir

Regla 19 gildir milli tveggja báta við *hindrun* nema:

- (a) þegar *hindrunin* er *merki* sem bátar skulu fara fyrir sömu megin, eða
- (b) þegar regla 18 gildir milli bátanna og *hindrunin* er annar bátur sem skarast við þá báða.

Ef um samfellda *hindrun* er að ræða gildir regla 19 alltaf en ekki regla 18.

19.2 Veita rúm við hindrun

- (a) Bátur í rétti ræður hvoru megin við *hindrun* hann siglir.
- (b) Þegar bátar *skarast* skal ytri bátur gefa innri bát *rúm* milli bátsins og *hindrunar* nema ef hann geti það ekki allt frá þeim tíma sem *skörun* byrjaði.

- (c) Þegar bátar eru að fara fram hjá *samfelldri hindrun* og bátur sem var *laus að aftan* og á því að *víkja* nær *skörun* milli hins bátsins og *hindrunar* og, á þeim tíma sem *skörun* hefst, getur ekki farið á milli báts og *hindrunar* á hann ekki rétt á *rúmi* samkvæmt reglu 19.2(b). Meðan á *skörun* stendur skal báturinn *víkja* og reglur 10 og 11 gilda ekki.

20 RÚM TIL AÐ STAGVENDA VIÐ HINDRUN

20.1 Að kalla

Bátur má kalla og biðja um *rúm* til að staggvenda og forðast bát á sama *hálsi*. Þó skal hann ekki kalla nema:

- (a) hann nálgist *hindrun* og þarf fljótlega að gera verulega breytingu á stefnu til að forðast hana og
- (b) hann sigli á fullri beitingu eða ofar.

Að auki skal hann ekki kalla ef *hindrunin* er *merki* og bátur sem sækir að merkinu þarf að breyta um stefnu vegna þess að kallað er á hann.

20.2 Að svara kalli

- (a) Þegar bátur hefur kallað skal hann gefa bát sem kallað er á tíma til að svara.
- (b) Bátur sem kallað er á skal svara jafnvel þótt kallið sé brot á reglu 20.1.
- (c) Bátur sem kallað er á skal svara með því annað hvort að venda eins fljótt og mögulegt er eða svara þegar í stað „ventu“ og gefa bátnum sem kallaði *rúm* til að venda og forðast hann.
- (d) Eftir að bátur hefur svarað skal sá sem kallaði venda svo fljótt sem auðið er.
- (e) Frá því að bátur kallar og þar til hann vendir og forðast bátinn sem kallað er á gildir regla 18.2 ekki á milli þeirra.

20.3 Kallað áfram á annan bát

Þegar kallað hefur verið á bát til að fá *rúm* og hann ætlar að svara með því að venda má hann kalla á annan bát á sama *hálsi* til að fá *rúm* til að venda og forðast hann. Hann má kalla jafnvel þótt kallið uppfylli ekki skilyrðin í reglu 20.1. Regla 20.2 gildir á milli hans og bátsins sem hann kallar á.

HLUTI D

AÐRAR REGLUR

Þegar reglur 21 eða 22 gilda milli tveggja báta gilda reglur A-hluta ekki.

21 SÝKNA

Þegar bátur siglir innan *rúms* eða *rúms við merki* sem hann á rétt á skal hann sýknaður, ef hann lendir í atviki með öðrum bát sem á að veita honum *rúm* eða *rúm við merki*, ef

- (a) hann brýtur reglu í A-hluta, reglu 15 eða reglu 16, eða
- (b) hann er knúinn til að brjóta reglu 31.

22 MISTÖK VIÐ RÁSMARK; TAKA ÚT REFSINGU; AÐ BAKKA

22.1 Bátur sem er á siglingu í átt að rássvæði ráslínunnar eða aðra framlengingu hennar eftir að rásmerki hans hefur verið gefið, til að hefja keppni eða hlíta reglu 30.1, skal *víkja* fyrir bát sem ekki er að gera það þar til hann er kominn allur á rássvæðið.

22.2 Bátur sem er að taka út refsingu skal *víkja* fyrir öðrum bátum.

22.3 Bátur sem bakkar, hreyfist til hliðar eða til kuls með því að bakvinda seglin skal *víkja* fyrir öðrum bát sem gerir það ekki.

23 BÁT HEFUR HVOLFT, ER VIÐ AKKERI, STENDUR Á GRUNNI; BJÖRGUN

Ef mögulegt er skal bátur forðast bát sem hefur hvolft eða sem hefur ekki náð fullri stjórn eftir að hafa hvolft, liggur við akkeri, eða er að reyna að hjálpa manni eða bát sem er í hættu. Bát hefur hvolft ef masturstoppurinn er í vatni.

24 AÐ TRUFLA ANNAN BÁT

24.1 Bátur sem er ekki að *keppa* skal ekki trufla bát í *keppni* ef hjá því verður komist.

24.2 Bátur skal ekki trufla bát sem er að taka út refsingu, er að sigla annan legg eða fellur undir reglu 22.1. Þó gildir þessi regla ekki eftir rásmerki ef báturinn siglir *eðlilega stefnu*.

3. KAFLI

FRAMKVÆMD KEPPNI

25 TILKYNNING UM KEPPNI, KEPPNISFYRIRMÆLI OG MERKJAGJÖF

25.1 Fyrir keppni skulu tilkynning um keppni og keppnisfyrirmæli vera til reiðu fyrir hvern bát.

25.2 Merkingu sjón- og hljóðmerkja eins og lýst er í kaflanum um merkjagjöf skal ekki breytt nema í samræmi við reglu 86.1(b). Merkingar annarrar merkjagjafar sem notuð er skal getið í tilkynningu um keppni eða kappsiglingafyrirmælum.

25.3 Þegar keppnisstjórn er gert að sýna fána sem sjónmerki má nota fána eða annan hlut með svipað útlit.

26 RÆSING KEPPNI

Keppni skal ræsa með eftirfarandi merkjagjöf. Tímamæling skal miðuð við sjónmerki; ekki breytir neinu þótt hljóðmerki vanti.

<i>Mínútum fyrir rásmerki</i>	<i>Sjónmerki</i>	<i>Hljóð- merki</i>	<i>Merking</i>
5*	Flokksfáni	Eitt	Viðvörðunarkerki
4	P, I, Z, Z með I, U, eða svartur fáni	Eitt	Undirbúningsmerki
1	Undirbúningsfáni tekinn niður	Eitt langt	Ein mínúta
0	Flokksfáni tekinn niður	Eitt	Rásmerki

* eða samkvæmt kappsiglingafyrirmælum

Undirbúningsmerki hvers flokk sem á eftir kemur skal gefið með eða á eftir rásmerki flokksins sem á undan fer.

27 AÐRAR ÁKVARÐANIR KEPPNISSTJÓRNAR FYRIR RÁSMERKI

27.1 Eigi síðar en við viðvörðunarkerki skal keppnisstjórnin tilkynna með merkjagjöf eða á annan hátt hvernig keppnisbraut skuli sigld ef

brautin er ekki tekin fram í kappsiglingafyrirmælum og má keppnisstjórn skipta út einum brautarfána fyrir annan og gefa merki um að klæðast skuli flotbúnaði (sýna fána Y með einu hljóðmerki).

27.2 Allt þar til undirbúningsmerki hefur verið gefið má keppnisstjórn flytja ráslínu.

27.3 Áður en rásmerki er gefið má keppnisstjórn fresta keppni af hvaða ástæðu sem er (sýna fána AP, AP yfir H, eða AP yfir A, með tveimur hljóðmerkjum) eða hætta við keppni (sýna fána N yfir H eða N yfir A, með þremur hljóðmerkjum).

28 BRAUTIN SIGLD

28.1 Bátur skal *hefja keppni*, sigla brautina eins og henni er lýst í kappsiglingafyrirmælum og *ljúka keppni*. Bátur má fara hvorum megin við *merki* sem er ef *merkið* markar ekki upphaf, enda eða hliðarmörk þess leggs sem hann er að sigla. Eftir að hafa *lokið keppni* þarf bátur ekki að fara allur yfir marklínuna.

28.2 Strengur, sem táknar feril báts frá því að hann nálgast ráslínuna brautarmegin til að *hefja keppni* og þar til hann *lýkur keppni*, skal við strekkingu:

(a) liggja tilskildu megin við hvert *merki* og í réttri röð,

(b) snerta öll *merki* sem fara á fyrir og

(c) fara á milli *merkja* í hliði í stefnu frá síðasta *merki*.

Bát er heimilt að leiðrétta hvers kyns mistök til að hlíta þessari reglu, að því tilskyldu að hann hafi ekki *lokið keppni*.

29 AFTURKÖLLUN

29.1 Afturköllun einstakra báta

Ef einhver hluti af skrokki báts, áhafnar eða búnaðar er brautarmegin við ráslínu þegar rásmerki bátsins er gefið eða honum ber að hlíta reglu 30.1, skal keppnisstjórn þegar í stað draga upp fána X og gefa eitt hljóðmerki. Fáninn skal hafður uppi þar til allir slíkir bátar eru komnir að öllu leyti aftur fyrir ráslínuna eða annarrar framlengingar hennar og hafa uppfyllt skilyrði reglu 30.1, ef við á, en ekki lengur en fjórar mínútur frá rásmerki eða þar til ein mínúta er í næsta rásmerki hvort sem fyrr verður. Ef regla 30.3 eða 30.4 gildir, gildir þessi regla ekki.

29.2 Almenn afturköllun

Ef keppnisstjórn getur ekki borið kennsl á báta sem eru brautarmegin við ráslínu við rásmerki eða báta sem ber að hlíta reglu 30, eða ef mistök hafa átt sér stað í ræsing, er keppnisstjórn heimilt að gefa merki um almenna afturköllun (sýna fyrsta skiptifána með tveimur hljóðmerkjum). Viðvörðunarmerki fyrir nýja ræsing þess flokks sem afturkallaður var, skal gefið einni mínútu eftir að fyrsti skiptifáni er felldur (eitt hljóðmerki) og ræsing seinni flokka fer fram eftir hina nýju ræsing.

30 REFSINGAR VIÐ RÆSINGU

30.1 Regla um fána I

Ef fáni I hefur verið dreginn upp og einhver hluti báts, áhafnar eða búnaðar er brautarmegin við ráslínu eða annarrar framlengingu hennar síðustu mínútuna fyrir rásmerki, skal hann sigla til rássvæðis fyrir annan hvorn enda ráslínu áður en hann *hefur keppni*.

30.2 Regla um fána Z

Ef fáni Z hefur verið dreginn upp, skal enginn hluti báts, áhafnar eða búnaðar vera innan þríhyrnings, sem myndaður er af endum ráslínu og fyrsta *merki* síðustu mínútuna áður en rásmerki er gefið. Ef bátur brýtur þessa reglu og kennsl eru á hann borin skal hann, án kærufundar, hljóta 20% refsingu eins og lýst er í reglu 44.3(c). Ef keppni er ræst aftur eða endursigld, skal hann samt taka út refsinguna, en þó ekki ef keppni er *frestað* eða *hætt er við* hana áður en rásmerki hefur verið gefið. Ef hann er aftur staðinn að verki þegar reynt er að ræsa sömu keppni, skal hann hljóta viðbótar 20% refsingu.

30.3 Regla um fána U

Ef fáni Z hefur verið dreginn upp, skal enginn hluti báts, áhafnar eða búnaðar vera innan þríhyrnings, sem myndaður er af endum ráslínu og fyrsta *merki* síðustu mínútuna áður en rásmerki er gefið. Ef bátur brýtur þessa reglu og kennsl eru á hann borin skal honum vísað úr keppni án kærufundar, en þó ekki ef keppni er *frestað* eða *hætt er við* hana.

30.4 Regla um svartan fána

Ef svartur fáni hefur verið dreginn upp skal enginn hluti báts, áhafnar eða búnaðar vera innan þríhyrnings sem myndaður er af endum

ráslínu og fyrsta *merki* síðustu mínútuna áður en rásmerki er gefið. Ef bátur brýtur þessa reglu og kennsl eru á hann borin skal hann dæmdur úr keppni án kærufundar jafnvel þótt keppni sé ræst aftur eða endursigld, en þó ekki ef keppni er *frestað* eða *hætt er við* hana áður en rásmerki hefur verið gefið. Ef merki er gefið um almenna afturköllun eða *hætt er við* keppni eftir rásmerki skal keppnisstjórn sýna seglnúmer bátsins áður en viðvörunarmerki fyrir næstu keppni er gefið og ef keppni er endurræst eða endursigld skal hann ekki taka þátt. Taki báturinn engu að síður þátt í keppninni skal keppnin sem bátinum var vísað úr ekki undanskilin við útreikning heildarárangurs.

31 AÐ SNERTA MERKI

Í keppni skal bátur ekki snerta rásmerki áður en hann *hefur keppni*, *merki* sem markar upphaf, hliðarmörk eða endi þess leggs sem báturinn *siglir*, eða marklínúmerki eftir að hann *lýkur keppni*.

32 AÐ STYTTA BRAUT EÐA HÆTTA VIÐ KEPPNI EFTIR RÆSINGU

32.1 Eftir að rásmerki hefur verið gefið getur keppnisstjórn stytta brautina (fáni S og tvö hljóðmerki) eða *hætt við* keppni (fáni N, fáni N yfir H, eða N yfir A, með þremur hljóðmerkjum):

- (a) vegna óveðurs,
- (b) vegna vindleysis sem gerir ólíklegt að nokkur bátur *ljúki keppni* innan tímamarka,
- (c) vegna þess að *merki* vantar eða það hefur færst úr stað, eða
- (d) vegna annarra ástæðna sem hafa áhrif á öryggi keppenda eða sanngjarna keppni.

Að auki er keppnisstjórn heimilt að stytta brautina þannig að mögulegt sé að sigla aðrar fyrirhugaðar keppnir eða *hætta við* keppnina vegna mistaka við ræsingu. Ef einn bátur hefur siglt brautina og *lokið keppni* innan tímatakmarka, ef einhver eru, skal keppnisstjórn ekki *hætta við* keppnina án þess að íhuga afleiðingarnar fyrir alla báta í keppninni eða keppnisröðinni.

32.2 Ef keppnisstjórn gefur merki um að braut hafi verið stytta (fáni S með tveimur hljóðmerkjum) skal marklína vera:

- (a) við *merki* sem fara á fyrir, milli *merkisins* og stangar sem er með fána S,
- (b) við línu sem bátum er ætlað að fara yfir í brautinni,
- (c) við brautarhlið, milli *merkja* hliðsins.

Gefa skal merki um styttingu brautar áður en fyrsti bátur fer yfir marklínu.

33 NÆSTA LEGG BRAUTARINNAR BREYTT

Keppnisstjórn getur breytt legg sem hefst við *merki* sem fara skal fyrir eða við hlið, með því að breyta staðsetningu næsta *merkis* (eða marklínu) og gefa öllum bátum merki áður en þeir hefja siglingu á þeim legg. Næsta *merki* þarf ekki að vera á komið á sinn stað á þeim tíma.

- (a) Ef stefnu leggsins er breytt, skal draga upp fána C með endurteknum hljóðmerkjum og
 - (1) gefa upp nýja áttavitastefnu og/eða
 - (2) sýna grænan þríhyrning til merkis um breytingu á stjórnborða eða rauðan rétthyrning til merkis um breytingu á bakborða.
- (b) Ef lengd næsta leggs er breytt, skal sýna það með því að draga upp fána C með endurteknum hljóðmerkjum og „-“ ef leggurinn verður stytur eða „+“ ef leggurinn er lengdur.
- (c) Seinni leggjum má breyta án frekari merkjagjafar til að viðhalda lögun brautar.

34 MERKI VANTAR

Vanti *merki* eða það hafi færst úr stað skal keppnisstjórn, þegar því verður við komið:

- (a) setja *merkið* aftur á sinn stað eða koma fyrir nýju með svipuðu útliti eða
- (b) setja hlut sem sýnir fána M og gefa endurtekin hljóðmerki.

35 TÍMAMÖRK OG SKOR

Ef einn bátur siglir brautina í samræmi við ákvæði reglu 28 og *lýkur keppni* innan tímamarkanna, ef einhver eru, skulu allir bátar sem *ljúka keppni* fá stig eftir stöðu sinni í lok keppni nema *hætt sé við keppnina*. Ef enginn bátur *lýkur keppni* innan tímamarkanna skal *hætt við keppnina*.

36 KEPPNI ENDURRÆST EÐA ENDURTEKIN

Ef keppni er ræst að nýju eða sigld aftur skal brot á *reglu* í upphaflegu keppninni ekki:

- (a) koma í veg fyrir að bátur taki þátt í keppni nema hann hafi brotið gegn reglu 30.4 eða
- (b) valda því að bát sé refsað nema skv. reglu 30.2, 30.4 eða 69 eða skv. reglu 14 þegar hann hefur valdið meiðslum eða alvarlegu tjóni.

4. KAFLI

AÐRAR KRÖFUR Í KEPPNI

Reglur í 4. kafla gilda aðeins um báta í keppni nema viðkomandi regla kveði á um annað.

40 FLOTBÚNAÐUR

Þegar fáni Y er dreginn upp með einu hljóðmerki fyrir eða samtímis viðvörunarmerki skulu keppendur klæðast flotbúnaði, nema í skamman tíma á meðan þeir eru að skipta um föt eða aðlaga fötin eða persónulegan búnað. Þegar fáni Y er dreginn upp á landi gildir þessi regla allan tímann þegar verið er á sjó. Blautbúningur eða þurrbúningur telst ekki flotbúnaður.

41 UTANAÐKOMANDI AÐSTOÐ

Bátur má ekki þiggja utanaðkomandi aðstoð nema:

- (a) aðstoð vegna veikra eða slasaðra skipverja,
- (b) eftir árekstur, frá áhöfn hins bátsins til þess að losna frá,
- (c) aðstoð í formi upplýsinga sem eru aðgengilegar öllum bátum
- (d) aðstoð í formi óumbeðinna upplýsinga frá aðila sem ekki hefur hagsmuna að gæta, sem gæti verið annar bátur í sömu keppni.

Hins vegar má kæra og refsá bát sem nær verulegu forskoti í keppni vegna utanaðkomandi aðstoðar skv. reglu 41(a) og refsingin getur verið vægari en brottvísun úr keppni.

42 KNÚNINGSAFL

42.1 Aðalregla

Að öðru leyti en því sem heimilað er í reglu 42.3 eða reglu 45 skal bátur keppa aðeins með því nota vind og vatn til að auka, viðhalda eða minnka hraða bátsins. Áhöfn má stilla segl og skrokk bátsins og að öðru leyti viðhafa góða sjómennsku en má ekki beita líkamanum til að knýja bátinn áfram.

42.2 Bannað athæfi

Eftirfarandi athæfi er bannað, án þess að það skerði gildi reglu 42.1:

- (a) að pumpa: að blaka einhverju segli til og frá annað hvort með því að herða seglið og slaka því eða með lóðréttri eða láréttri líkamshreyfingu;
- (b) að vagga: að velta bátnum til og frá með
 - (1) líkamshreyfingu,
 - (2) því að stilla endurtekið segl eða lausan kjöl; eða
 - (3) stýrishreyfingum;
- (c) að rugga: að kasta sér fram með rykk;
- (d) að rikka: að hreyfa stýrið til og frá sem er annað hvort gert að krafti eða knýr bátinn áfram eða kemur í veg fyrir að hann fari afturábak;
- (e) að stagvenda eða kúvenda í sífellu án þess vindbreytingar eða stöðutaka gagnvart öðrum keppanda („tactics“) gefi tilefni til.

42.3 Undantekningar

- (a) Rugga má báti til að auðvelda að stýra honum.
- (b) Áhöfn báts er heimilt að hreyfa líkamann í þeim tilgangi að auka veltuhreyfingu, sem auðveldar að bátnum sé stýrt í stagvendingu eða kúvendingu, enda sé hraði bátsins ekki meiri að lokinni vendingu en hann hefði verið ef ekki hefði verið stagvent eða kúvent.
- (c) Þegar bátur er ekki á beitingu og skilyrði eru til að „fara öldur“ (að fara með örri hröðun niður eftir öldu hlémegin – „surf“) eða „plana“, má áhöfn hans pumpa með skautum hvaða segls sem er í þeim tilgangi að komast á öldufar eða plan, en aðeins einu sinni fyrir hverja öldu eða vindhviðu.
- (d) Þegar báti er siglt hærra en á fullri beitingu og hann er annað hvort ferðlaus eða á hægri hreyfingu áfram má rikka til að snúa bátnum á beitingu.
- (e) Ef sprek snýr öfugt má áhöfn báts pumpa seglinu þar til sprekið snýr ekki lengur öfugt. Þessi aðgerð er ekki leyfð ef hún knýr bátinn greinilega áfram.
- (f) Hægja má á ferð báts með því að snúa stýri í sífellu.

- (g) Nota má hvaða knúningsafl sem er til að koma manni eða bát til hjálpar í háska.
- (h) Til þess að losna eftir strand eða árekstur við annan bát eða einhvern hlut má bátur nota krafta áhafnar hvors bátsins sem er og allan búnað annan en vél. Þó gæti verið heimilt að nota vél samkvæmt reglu 42.3(i).
- (i) Kappsiglingafyrirmæli geta, í tilteknum tilvikum, leyft knúningsafl með því að nota vél eða aðra aðferð, svo fremi að bátur hagnist ekki verulega á því í keppninni.

Ath. Túlkanir á reglu 42 má nálgast á vefsíðu World Sailing eða með því að óska eftir þeim bréfleiddis.

43 KLÆÐNAÐUR OG BÚNAÐUR KEPPENDA

- 43.1**
- (a) Keppendur skulu ekki klæðast eða bera fatnað eða búnað í því skyni að auka við þyngd sína.
 - (b) Auk þess skal heildarþyngd alls fatnaðar og búnaðar sem keppandi klæðist eða ber aldrei veða meira en 8 kg fyrir utan rólu og meðfylgjandi belti og fatnað (þ.m.t. skófatnað) sem er allur fyrir neðan hné. Flokksreglur eða kappsiglingafyrirmæli mega kveða á um minni þyngd eða meiri, allt að 10 kg. Flokksreglur mega kveða svo á að skór eða fatnaður fyrir neðan hné sé innifalinn. Belti sem fylgja rólu skulu fljóta og ekki veða meira en 2 kg, nema flokksreglur heimili allt að 4 kg. Búnaður skal veginn samkvæmt viðauka H.

43.2 Regla 43.1(b) gildir ekki um báta þar sem öryggislínu er krafist.

44 REFSING Á ÞEIM TÍMA SEM BROT Á SÉR STAÐ

44.1 Að taka á sig refsingu

Bátur má taka á sig tveggja hringja refsingu þegar hann kann að hafa brotið gegn einni eða fleiri reglum í 2. kafla meðan hann var að keppa. Hann má taka á sig eins hrings refsingu hafi hann brotið reglu 31. Kappsiglingafyrirmæli mega kveða á um að notuð sé hlutfallsleg skerðing eða önnur refsing og þá skal sú refsing koma í stað eins eða tveggja hringja refsingar. Nema ef:

- (a) bátur kunni að hafa brotið reglu í 2. kafla og reglu 31 á sama tíma þarf hann ekki að taka út refsingu fyrir brot á reglu 31;

- (b) bátur valdi meiðslum eða alvarlegu tjóni eða, þrátt fyrir að taka á sig refsingu, hagnast verulega á broti, annaðhvort í keppninni eða keppnisröðinni, skal hann draga sig úr keppni.

44.2 Eins hringis og tveggja hringja refsing

Eftir að bátur hefur siglt svo fljótt sem auðið er úr vegi annarra báta tekur hann út eins eða tveggja hringja refsingu með því að fara þegar í stað viðeigandi fjölda hringja í sömu átt, hver hringur með eina stagvendingu og eina kúvendingu. Ef bátur tekur refsinguna út við eða nálægt marklínu, skal sigla þar til hann er allur brautarmegin við marklínuna áður en hann *lýkur keppni*.

44.3 Hlutfallsleg skerðing

- (a) Bátur tekur á sig hlutfallslega skerðingu með því að setja upp gulan fána við fyrsta mögulega tækifæri.
- (b) Bátur sem tekur á sig hlutfallslega skerðingu skal sýna gula fánann þar til hann *lýkur keppni* og vekja athygli keppnisstjórnar á því við marklínuna. Jafnframt skal hann einnig tilkynna keppnisstjórn hver hinn báturinn er sem hlut átti að máli. Sé það ekki hægt skal hann gera það við fyrsta tækifæri og áður en *kærufrestur* er liðinn.
- (c) Keppnisskorið fyrir bát sem tekur hlutfallslega skerðingu skal vera skorið sem hann hefði fengið án refsingar að viðbættum fjölda sæta sem tekin eru fram í kappsiglingafyrirmælunum. Þegar kappsiglingafyrirmælin kveða ekki á um fjölda sæta skal sætið reiknað sem 20% af "lauk ekki keppni" jafnað að næstu heiltölu (0,5 jafnað upp á við). Skori annarra báta skal ekki breytt og geta tveir bátar þannig hlotið sama skor. Þó skal báturinn aldrei fá lakari útkomu en "lauk ekki keppni" (DNF).

45 AÐ TAKA Á LAND; AÐ BINDA BÁTINN; AÐ VARPA ANKERI

Bátur skal vera á floti og laus frá legufærum þegar undirbúningsmerki hans er gefið. Eftir það má ekki taka hann á land eða festa nema til að ausa, rifa segl eða til viðgerða. Hann má leggjast við ankeri eða áhöfnin má standa á botni. Taka skal upp akkeri áður en báturinn heldur áfram keppni nema það sé ómögulegt.

46 ÁBYRGÐARAÐILI

Um borð í hverjum báti skal vera ábyrgðaraðili sem útnefndur er af þeim félagsmanni eða félagi sem skráði bátinn til keppni. Sjá reglu 75.

47 TAKMARKANIR Á BÚNAÐI OG ÁHÖFN

47.1 Bátur skal einungis nota þann búnað sem er um borð þegar undirbúningsmerki hans er gefið.

47.2 Enginn má yfirgefa bát af ásettu ráði, nema hann sé veikur eða slasaður eða til að hjálpa manni eða bát sem er í hættu, eða til að synda. Maður sem fer frá borði af slysnri eða til að synda, skal vera kominn aftur um borð áður en báturinn heldur áfram keppni.

48 ÞOKUMERKI OG LJÓS; AÐSKILDAR SIGLINGALEIÐIR

48.1 Þegar nauðsynlegt er vegna öryggis á sjó skal bátur þeyta þokulúðra og hafa uppi ljós í samræmi við Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó (*IRPCAS*) eða gildandi opinberar reglur.

48.2 Bátur skal hlíta reglu 10 í *IRPCAS* um aðskildar siglingaleiðir.

49 STAÐSETNING ÁHAFNAR; LÍFLÍNUR

49.1 Keppendur skulu ekki nota nokkurn búnað annan en rólur og lærstoðir til að færa þunga sinn út fyrir bátinn.

49.2 Þegar gerð er krafa um líflínur í flokksreglum eða öðrum *reglum* skulu keppendur ekki hafa nokkurn hluta bols síns utan við þær nema nauðsynlegt sé að sinna tilteknu verki og þá aðeins um stundarsakir. Á bátum sem búnir eru efri og neðri líflínum er keppanda sem situr á borðstokki, veit útbyrðis og hefur mjaðmir innan við neðri líflínu, heimilt að hafa efri hluta bols fyrir utan efri líflínu. Ef flokksreglur eða aðrar *reglur* kveða ekki á um hámarkssveigju á líflínum skulu þær vera strekktar. Ef flokksreglur kveða ekki á um efni eða lágmarks sverleika líflína skulu þær vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í *World Sailing Offshore Special Regulations*.

Ath. Þessa reglugerð má nálgast á vefsíðu World Sailing.

50 UPPSETNING OG SKAUTUN SEGLA

50.1 Skipt um segl

Þegar skipt er um framsegl eða belgsegl er heimilt að draga upp og stilla hið nýja segl til fullnustu áður en fyrra seglið er tekið niður. Þó má aðeins hafa uppi eitt stórsegl og aðeins má hafa eitt belgsegl uppi, nema á meðan skipt er.

50.2 Belgseglsbómur og seglastangir

Aðeins má nota eina belgseglsbómu eða seglastöng í einu nema þegar kúvent er. Þegar slíkur búnaður er í notkun skal hann tengdur fremsta mastri.

50.3 Notkun utanborðsbúnaðar

- (a) Engu segli skal skautað fyrir eða gegnum utanborðsbúnað, nema eftir því sem heimilt er skv. reglu 50.3(b) eða 50.3(c). Utanborðsbúnaður er hver sá búnaður eða tæki sem staðsett er á þann hátt að það geti þrýst út á við á skaut eða segl á punkti sem er þannig staðsettur að lóðrétt lína sem dregin væri gegnum hann miðað við uppréttan bát félli utan við skrokk eða þilfarsbrún. Í skilningi þessarar reglu teljast skilrúm, fótrið og stuðarar ekki hlutar af skrokk eða þilfari og eftirfarandi teljast ekki til utanborðsbúnaðar: bugspjót sem framseglsfótur er festur við, bóma sem nær út fyrir skut og notuð er til að festa afturseglsskaut, eða bóma á bómuðu framsegli sem ekki þarfnast stillingar við stagvendingu.
- (b) Öll segl má skauta í eða yfir bómu sem er að staðaldri notuð með venjulegu segli og er áföst því mastri sem segltoppur þess er festur við.
- (c) Framsegl má skauta við eða tengja afturhorn þess við belgseglsbómu eða seglastöng svo fremi að belgsegl sé ekki í notkun.

50.4 Framsegl

Að því er varðar reglur 50 og 54 og Viðauka G telst munurinn á framsegli og belgsegli sá að breidd framsegls, mæld milli miðpunkta fram- og afturfalds, er minni en 75% af lengd seglfótarins. Segl sem hefur framfald sinn festan aftan við fremsta mastur telst ekki framsegl.

51 FÆRANLEG KJÖLFESTA

Öll færánleg kjölfesta, þar með talin segl sem ekki eru í notkun, skal vera eðlilega skorðuð. Vatn, fastan þunga eða kjölfestu skal ekki færa í þeim tilgangi að breyta stillingu eða stöðugleika bátsins. Gólfborð, skilrúm, hurðir, stigar og vatnstankar skulu vera á sínum stað og allar innréttingar í vistarverum vera um borð. Þó má dæla kjölvatni út.

52 HANDAFL

Fastan og lausan reiða báts, svo og rár og hreyfanlega hluti sem áfastir eru skrokki bátsins, skal stilla og þeim stjórna með handafl einu saman.

53 NÚNINGSVIÐNÁM

Bátur skal ekki gefa frá sér eða sleppa nokkru efni, svo sem fjölliðum, né heldur hafa sérstaka áferð á skrokki sem gæti bætt eðli vatnsstreymis í snertilagi bátsins við vatnið.

54 FRAMSTÖG OG FRAMSEGLSHÁLSAR

Framstög og fokkuhálsar, að undanskildum stagfestum belgseglum þegar ekki er sigldur beitivindur, skulu vera fest nokkurn veginn í miðlínu bátsins.

55 SORPLOSUN

Keppandi má ekki losa sorp í vatnið viljandi. Þessi regla gildir ávallt meðan keppendur eru úti á vatni. Refsing fyrir brot á þessari reglu má vera vægari en brottvísun.

5. KAFLI

KÆRUR, LEIÐRÉTTING, KÆRU- FUNDIR, ÓÍPRÓTTAMANNSLEG FRAMKOMA, ÁFRÝJUN

HLUTI A

KÆRUR, LEIÐRÉTTING; AÐGERÐIR SKV. REGLU 69

60 RÉTTUR TIL AÐ KÆRA, RÉTTUR TIL ÓSKA EFTIR LEIÐRÉTTINGU EÐA AÐGERÐUM SKV. REGLU 69

60.1 Bátur má:

- (a) kæra annan bát, en ekki fyrir ætluð brot á reglum í 2. kafla eða reglu 31 nema hann hafi verið aðili að atvikinu eða séð það, eða
- (b) krefjast leiðréttingar.

60.2 Keppnisstjórn má:

- (a) kæra bát, en þó ekki vegna upplýsinga sem fram koma vegna óskar um leiðréttingu eða ógildrar *kæru* eða tilkynningar frá *hagsmunaaðila* öðrum en fulltrúa bátsins;
- (b) óska eftir leiðréttingu fyrir bát, eða
- (c) skila skýrslu til kærunefndar og fara fram á aðgerðir samkvæmt reglu 69.2 (b).

60.3 Kærunefnd má:

- (a) kæra bát, en þó ekki vegna upplýsinga sem fram koma vegna óskar um leiðréttingu eða ógildrar *kæru* eða tilkynningar frá *hagsmunaaðila* öðrum en fulltrúa bátsins. Þó má hún kæra bát:
 - (1) ef hún kemst að því að atvik sem báturinn var aðili að olli meiðslum eða alvarlegu tjóni, eða
 - (2) ef hún kemst að því við kærufund vegna gildrar *kæru* að bátur, sem ekki er *aðili* að kærufundi, átti hlut að atvikinu og gæti hafa brotið *reglu*;

- (b) efna til kærufundar til að komast að því hvort veita beri leiðréttingu;
- (c) grípa til aðgerða skv. reglu 69.2 (b); eða
- (d) efna til kærufundar til að komast að því hvort *aðstoðarmaður* hafi brotið *reglu*, á grundvelli eigin athugunar eða upplýsinga sem fengnar eru með öðrum hætti, þar með talið sönnunar sem aflað er við kærufundumr.

60.4 Tækninefnd má:

- (a) kæra bát, en þó ekki vegna upplýsinga sem fram koma vegna óskar um leiðréttingu eða ógildrar *kæru* eða tilkynningar frá *hagsmunaaðila* öðrum en fulltrúa bátsins. Þó skal hún kæra bát ef hún ákveður að:
 - (1) bátur hafi brotið reglu í 4. kafla, en ekki reglur 41, 42, 44 og 46, eða
 - (2) bátur eða persónulegur búnaður er ekki í samræmi við flokksreglurnar;
- (b) óska eftir leiðréttingu fyrir bát; eða
- (c) tilkynna til kærunefndar og óska eftir aðgerðum skv. reglu 69.2(b).

60.5 Hins vegar má hvorki bátur né nefnd kæra vegna ætlaðra brota á reglu 5, 6, 7 eða 69.

61 KRÖFUR VARÐANDI KÆRUR

61.1 Að gera kærðum báti viðvart

- (a) Bátur sem hyggst kæra skal ætíð gera hinum bátnum viðvart við fyrsta mögulega tækifæri. Þegar *kæra* bátsins varðar atvik á keppnissvæðinu sem hann á hlut að eða sér, skal hann kalla "Ég kæri" og draga með áberandi hætti upp rauðan fána við fyrsta mögulega tækifæri í hverju tilviki. Kæruflagg skal haft uppi þar til viðkomandi bátur er ekki lengur að *keppa*. Hins vegar gildir eftirfarandi:
 - (1) ef hinn báturinn er utan kallfæris þarf báturinn sem kærir ekki að kalla, en skal gera hinum aðilanum viðvart við fyrsta mögulega tækifæri;

- (2) bátur sem er styttri en sex metrar að lengd þarf ekki að sýna rauðan fána;
 - (3) ef atvikið fól í sér villu af hálfu hins bátsins við siglingu brautarinnar þarf hann ekki að kalla eða sýna rauðan fána en skal tilkynna hinum bátnum annað hvort áður en hann *lýkur keppni* eða við fyrsta mögulega tækifæri eftir að hann gerir það;
 - (4) ef atvikið veldur því að meðlimur annarrar hvorrar áhafnarinnar er í hættu eða ef það hefur orðið slys eða alvarlegt tjón sem er augljóst bátnum sem ætlar að kæra gilda kröfur þessarar reglu ekki um hann, en hann skal reyna að upplýsa hinn bátinn innan tímamarkanna skv. reglu 61.3.
- (b) Ef keppnisstjórn, tækninefnd eða kærunefnd ætlar að kæra bát vegna atviks sem nefndin sá á keppnissvæðinu skal hún tilkynna honum það innan tímamarkanna sem kveðið er á um í reglu 61.3. Í öðrum tilvikum skal nefndin upplýsa bátinn um fyrirætlun sína um kæru eins fljótt og unnt er.
- (c) Ef kærunefnd ákveður að kæra bát samkvæmt reglu 60.3 (a)(2) skal nefndin tilkynna viðkomandi bát svo fljótt sem mögulegt er um ætlun sína, hætta yfirstandandi kærufundi og bregðast við skv. reglum 61.2 og 63 og efna til sameiginlegra kærufunda um fyrri *kærana* og hina nýju.

61.2 Innihald kæru

Kæra skal vera skrifleg og í henni skal eftirfarandi tekið fram:

- (a) hver kærir og hver hinn kærði bátur sé;
- (b) atvikið;
- (c) hvar og hvenær atvikið átti sér stað;
- (d) *regla* sú sem kærandi telur að hafi verið brotin; og
- (e) nafn þess sem kemur fram fyrir hönd kæranda.

Þó má, ef kröfu (b) er fullnægt, fullnægja kröfu (a) hvenær sem er fyrir kærufund og kröfum (d) og (e) má fullnægja fyrir eða meðan á kærufundum stendur. Kröfu (c) má einnig fullnægja fyrir eða meðan á kærufundum stendur, að því tilskyldu að hinn kærði fái hæfilegan tíma til að undirbúa sig fyrir kærufundi.

61.3 Kærufrestur

Kæra sem lögð er fram af bát, eða sem lögð er fram af keppnisstjórn, tækninefnd eða kærunefnd vegna atviks sem þær sáu gerast á keppnissvæðinu skal afhenda til skrifstofu keppnisstjórnar innan þess frests sem getið er um í kappsiglingafyrirmælum. Ef ekki er getið um frest er fresturinn tvær klukkustundir frá því að síðasti bátur *lýkur keppni*. Aðrar *kærur* frá keppnisstjórn, tækninefnd eða kærunefnd skulu afhentar skrifstofu ekki síðar en tveim tímum eftir að viðkomandi upplýsingar fengust. Kærunefnd ber að framlengja kærufrest ef gildar ástæður eru til.

62 LEIÐRÉTTINGAR

62.1 Beiðni um leiðréttingu eða ákvörðun kærunefndar um að íhuga leiðréttingu skal byggja á kröfu eða möguleika á að lokastaða báts í keppni eða keppnisröð hafi verið verulega skert að ósekju vegna:

- (a) óréttmætra aðgerða eða aðgerðaleysis keppnisstjórnar, kærunefndar, mótshaldara eða tækninefndar en ekki vegna ákvörðunar kærunefndar þegar bátur var aðili að kærufundi;
- (b) meiðsla eða skemmda af völdum annars báts, sem braut gegn reglu í 2. kafla eða báts sem var ekki að *keppa* og átti að *víkja*;
- (c) þess að hann veitti aðstoð (öðrum en sjálfum sér eða eigin áhöfn) í samræmi við reglu 1.1, eða
- (d) aðgerðar báts (eða áhafnarmeðlimar hans) sem hefur leitt til refsingar skv. reglu 2, eða refsingar eða viðvörunar skv. reglu 69.2(h)

62.2 Krafan skal gerð skriflega og tilgreina ástæðu. Ef krafan er vegna atviks á keppnissvæðinu skal hún afhent á skrifstofu keppnisstjórnar áður en kærufrestur er liðinn, eða innan tveggja tíma frá viðkomandi atviki, hvort sem seinna er. Aðrar kröfur skulu afhentar eins fljótt og unnt er eftir að ástæða kærunnar liggur fyrir. Kærunefnd ber að framlengja kærufrest ef gildar ástæður eru til. Ekki er krafist kærufána.

HLUTI B

KÆRUFUNDIR OG ÚRSKURÐIR

63 KÆRUFUNDIR

63.1 Kröfur varðandi kærufundi

Ekki skal refsa báti eða keppanda án kærufundar, nema samkvæmt ákvæðum í reglum 30.2, 30.3, 30.4, 64.3(d), 69, 78.2, A5 og P2. Ákvörðun um leiðréttingu skal ekki tekin án kærufundar. Kærunefnd skal hlýða á allar *kærur* og beiðnir um leiðréttingu sem hafa komið til skrifstofu keppnisstjórnar nema hún heimili að *kæra* eða beiðni um leiðréttingu sé dregin til baka.

63.2 Staður og tímasetning kærufundar, undirbúningstími aðila

Allir *aðilar* að kærufundi skulu látnir vita um stað og tímasetningu kærufundar, upplýsingar um *kæru* og leiðréttingu skulu vera þeim til reiðu, og þeim skal gefinn eðlilegur tími til að undirbúa sig fyrir kærufund.

63.3 Réttur til að vera viðstaddur

- (a) Fulltrúi hvers *aðila* kærufundar á rétt á að vera viðstaddur allan málflutning við kærufundinn. Þegar kært er fyrir ætluð brot á reglum í 2., 3. eða 4. kafla, skulu fulltrúar báta hafa verið um borð þegar atvikið átti sér stað, nema því aðeins að kærunefnd hafi gildar ástæður til að úrskurða á annan veg. Vitni önnur en kærunefndarmenn skulu ekki vera viðstödd nema á meðan þau bera vitni.
- (b) Ef *aðili* kærufundar vegna *kæru* eða beiðni um leiðréttingu mætir ekki til kærufundar, getur kærunefnd engu að síður úrskurðað í *kærinni* eða beiðninni um leiðréttingu. Ef gildar ástæður eru fyrir fjarveru *aðila*, getur kærunefnd ákveðið að endurtaka kærufund.

63.4 Hagsmunaárekstur

- (a) Meðlimur kærunefndar skal upplýsa um mögulegan *hagsmunaárekstur* um leið og hann verður hans var. *Aðili* kærufundar sem telur að meðlimur kærunefndarinnar hafi *hagsmunaárekstur* skal mótmæla eins fljótt og við verður komið. Hafi meðlimur kærunefndarinnar lýst yfir *hagsmuna-*

árekstri skal þess getið í skriflegum upplýsingum sem veittar eru skv. reglu 65.2.

- (b) Meðlimur kærufundar sem á í *hagsmunaárekstri* skal ekki sitja í nefndinni þegar kærufundur fer fram nema:
 - (1) allir *aðilar* séu því samþykkir, eða
 - (2) kærufundin úrskurði að *hagsmunaáreksturinn* sé ekki verulegur.
- (c) Þegar kærufund úrskurðar hvort *hagsmunaárekstur* sé verulegur skal hún taka til athugunar skoðanir *aðilanna*, alvarleika deilunnar, alvarleika mótsins, mikilvægi fyrir hvern *aðila* og heildarmat á sanngirni.
- (d) Hins vegar, þegar um er að ræða stærri mót á vegum World Sailing eða önnur mót þar sem landsyfirvald mótsstaðarins mælir svo fyrir gildir regla 63.4(b) ekki og *aðili* sem á í *hagsmunaárekstri* skal ekki vera meðlimur kærufundarinnar.

63.5 Réttmæti kæru eða beiðni um leiðréttingu

Við upphaf kærufundar skal kærufundin afla þeirra sönnunargagna sem hún telur nauðsynleg til að ákveða hvort öllum skilyrðum *kærunnar* eða beiðninnar um leiðréttingu hafi verið fullnægt. Ef þeim hefur verið fullnægt er *kæran* eða beiðnin um leiðréttingu gild og kærufundi skal haldið áfram. Ef ekki, skal kærufund úrskurða *kærana* eða beiðnina ógilda og ljúka málinu. Ef *kæran* hefur verið lögð fram skv. reglu 60.3(a)(1) ber kærufund einnig að ganga úr skugga um hvort alvarlegt tjón eða slys hafi orðið af atvikinu. Ef ekki, er málinu lokið.

63.6 Öflun vitnisburða og málavaxta

Kærufundin skal hlýða á framburð *aðilanna* sem viðstaddir eru kærufundinn og vitni þeirra og skoða önnur sönnunargögn eftir því sem hún telur nauðsynlegt. Meðlimur kærufundar sem sá atvikið má lýsa málavöxtum og bera vitni, að *aðilunum* viðstöddum. *Aðila* að kærufundi er heimilt að spyrja alla þá sem vitna. Kærufund skal síðan komast að niðurstöðu um málsatvik og byggja úrskurð sinn á þeim.

63.7 Ósamræmi milli reglna

Ef ósamræmi er milli tveggja eða fleiri *reglna* sem skera verður úr um áður en kærufundin úrskurðar, skal nefndin beita þeirri *reglu*

sem hún telur að muni leiða til sanngjörnu niðurstöðu fyrir alla hlutaðeigandi báta. Regla 63.7 gildir aðeins ef ósamræmið er á milli reglna í tilkynningu um keppni, kappsiglingafyrirmælum eða þeim skjölum sem gilda um mótið samanber staflíð (g) í skilgreiningunni á *reglu*.

63.8 Kærur milli báta sem ekki keppa í sama móti

Kæra milli báta er keppa hver í sinni keppni, sem haldin er af mismunandi mótshöldurum, skal lögð fyrir kærunefnd sem báðir mótshaldarar sætta sig við.

64 ÚRSKURÐIR

64.1 Refsingar og sýkna

Þegar kærunefnd úrskurðar að bátur sem er *aðili* að kærufundi hafi brotið *reglu* og verði ekki sýknaður skal hún dæma bátinn úr leik nema einhver önnur refsing eigi við. Refsing skal lögð á hvort sem viðeigandi *regla* var nefnd í *kærinni* eða ekki. Brjóti bátur *reglu* þegar hann er ekki að *keppa* skal refsing hans gilda í þeirri keppni, sem er næst brotinu í tíma. Hins vegar gildir eftirfarandi:

- (a) Hafi bátur, með því að brjóta *reglu*, neytt annan bát til að brjóta *reglu* skal hinn báturinn sýknaður.
- (b) Ef bátur hefur tekið viðeigandi refsingu skal honum ekki refsað frekar samkvæmt þessari *reglu* nema refsingin fyrir brot á þeirri *reglu* sem hann braut er brottvísun sem ekki má undanskilja frá útreikningi á samanlögðum árangri.
- (c) Ef keppni er ræst aftur eða endursigld gildir *regla* 36.

64.2 Ákvarðanir um leiðréttingu

Þegar kærunefnd ákveður að bátur eigi rétt á leiðréttingu samkvæmt *reglu* 62 skal nefndin haga málum með eins réttlátum hætti og unnt er fyrir alla báta sem leiðréttingin snertir, hvort sem þeir óskuðu leiðréttingar eða ekki. Til greina kemur að breyta stigatölu (nokkur dæmi er að finna í *reglu* A10), breyta tímum báta, *hætta* við keppnina, láta úrslit keppninnar standa, eða gera einhverjar aðrar ráðstafanir. Ef vafi leikur á um staðreyndir máls eða líklegar niðurstöður af einhverju fyrirkomulagi í keppni eða keppnisröð, skal kærunefnd fá vitnisburð frá viðeigandi aðilum, einkum áður en *hætt er við* keppni.

64.3 Úrskurðir í kærur vegna flokksreglna

- (a) Þegar kærunefnd telur að frávik umfram vikmörk sem kveðið er á um í flokksreglum séu afleiðing skemmda eða eðlilegs slits og bæta ekki frammistöðu bátsins skal ekki refsátt bátum. Báturinn skal þó ekki *keppa* aftur fyrr en frávikin hafa verið leiðrétt, nema kærunefndin telji að ekki sé eða ekki hafi verið raunhæfur möguleiki til þess.
- (b) Þegar kærunefnd telur vafa leika á hvernig eigi að túlka mælingarreglu skal hún beina fyrirspurn ásamt viðeigandi málavöxtum til yfirvalds sem ber ábyrgð á túlkun reglnanna. Þegar kærunefnd kveður upp úrskurð skal hún bundin af áliti yfirvaldsins.
- (c) Þegar bát er refsað samkvæmt flokksreglu og kærunefndin úrskurðar að báturinn hafi einnig brotið sömu reglu í fyrri keppnum í sama móti má beita refsingu vegna þeirra allra. Ekki er þörf á frekari *kæru*.
- (d) Þegar bátur, sem er refsað samkvæmt flokksreglu, lýsir yfir skriflega að hann ætli að áfrýja er honum heimilt að keppa áfram í síðari keppnum án þess að gera breytingar á bátum. Ef báturinn áfrýjar ekki eða áfrýjuninni fellur gegn honum skal hann dæmdur úr síðari keppnum sem hann tekur þátt í án kærufundar.
- (e) Mælingarkostnaður sem leiðir af *kæru* sem tengist flokksreglu skal greiddur af þeim *aðila* sem tapar málinu nema kærunefnd ákveði annað.

64.4 Úrskurðir varðandi aðstoðarmenn

- (a) Þegar kærunefnd úrskurðar að *aðstoðarmaður* sem er *aðili* að kærufundi hafi brotið *reglu* getur hún:
 - (1) veitt áminningu,
 - (2) útilokað viðkomandi frá mótinu eða keppnisstað eða svipt viðkomandi réttindum eða ávinningi, eða
 - (3) gripið til annarra úrræða sem eru innan valdsviðs hennar eins og kveðið er á um í *reglunum*.
- (b) Kærunefndin getur einnig refsátt keppanda ef *aðstoðarmaður* brýtur *reglu* og breytt stígatölu bátsins í einstakri keppni, upp

að og að meðtaldri brottvísun (DSQ), þegar kærunefndin ákvarðar að:

- (1) keppandinn gæti hafa hlotið ávinning sem leiðir af broti *aðstoðarmannsins*, eða
- (2) *aðstoðarmaðurinn* brjóti áfram af sér eftir að keppandinn hafi hlotið áminningu frá kærunefnd um að refsingu gæti verið beitt.

65 AÐ UPPLÝSA AÐILA OG AÐRA

65.1 Þegar kærunefnd hefur komist að niðurstöðu skal hún þegar í stað tilkynna *aðilum* kærufundar um staðreyndir málsins, reglurnar sem við eiga, niðurstöðuna, rökstuðning fyrir henni, hverja þá refsingu sem lögð er á, eða leiðréttingu, ef einhver er.

65.2 *Aðili* að kærufundi á rétt á því að fá framangreindar upplýsingar í hendur skriflega, enda hafi hann óskað þeirra skriflega frá kærunefnd eigi síðar en sjö dögum frá því honum var tilkynnt um niðurstöðuna. Kærunefnd skal þegar í stað senda honum upplýsingarnar, ásamt ef við á, teikningu af atvikinu, gerða eða áritaða af kærunefnd.

65.3 Þegar kærunefnd refsar báti samkvæmt flokksreglu skal hún senda viðeigandi flokksyfirvöldum framangreindar upplýsingar.

66 ENDURUPPTAKA KÆRUFUNDAR

Kærufund má taka upp að nýju ef kærunefnd kemst að þeirri niðurstöðu að henni hafi hugsanlega orðið á veruleg mistök eða ef mikilvæg ný vitneskja kemur fram innan hæfilegs tíma. Kærufund skal taka upp að nýju að fyrirmælum landsyfirvalds í samræmi við ákvæði reglu 71.2 eða R5. *Aðili* að kærufundi getur beðið um endurupptöku innan 24 tíma frá því að honum var tilkynnt um niðurstöðuna. Á síðasta skipulagða keppnisdegi skal afhenda beiðnina:

- (a) innan kærufrests ef *aðilinn* sem leggur fram beiðnina var tilkynnt um niðurstöðuna daginn áður;
- (b) eigi síðar en 30 mínútum eftir að *aðilinn* er upplýstur um úrskurðinn á þeim tiltekna degi.

Þegar kærufundur vegna kæru er tekin upp að nýju skal meirihluti kærunefndar vera skipaður sömu aðilum og í fyrra sinnið ef unnt er.

67 SKAÐABÆTUR

Um álitamál varðandi skaðabætur vegna brota á einhverri *reglu* skal fara samkvæmt fyrirmælum landsyfirvalds, ef einhver eru.

Ath: Ekki er nein regla 68.

HLUTI C

ÓVIÐEIGANDI HEGÐUN

69 ÓVIÐEIGANDI HEGÐUN

69.1 Skyldan að ástunda ekki óviðeigandi hegðun, Úrlausn

- (a) Keppandi, eigandi báts eða *aðstoðarmaður* skal ekki ástunda óviðeigandi hegðun.
- (b) Óviðeigandi hegðun er:
 - (1) hegðun sem brýtur gegn góðum siðum, óípróttamannsleg framkoma eða ósiðleg hegðun, eða
 - (2) hegðun sem varpar rýrð á ípróttina.
- (c) Ásökun um brot á reglu 69.1(a) skal taka til meðferðar í samræmi við ákvæði reglu 69. Hún skal ekki vera grundvöllur *kæru* og regla 63.1 gildir ekki.

69.2 Aðgerðir kærunefndar

- (a) Í kærunefnd sem starfar samkvæmt þessari reglu skulu vera a.m.k. þrír meðlimir.
- (b) Þegar kærunefnd telur, eftir eigin athugun eða eftir ábendingu einhverra annarra, þ.m.t. vitnisburður sem fenginn er við kærufund, að aðili kunni að hafa brotið reglu 69.1(a), skal hún ákvarða hvort hún þurfi að efna til kærufundar.
- (c) Þegar kærunefndin þarf frekari upplýsingar til að ákvarða hvort halda skuli kærufund getur hún kallað til einn eða fleiri aðila til að gera rannsókn. Þessir rannsakendur skulu ekki vera meðlimir kærunefndarinnar sem úrskurðar í málinu.
- (d) Þegar rannsakandi er kallaður til skal hann veita kærunefndinni allar viðeigandi upplýsingar sem hann aftar, hvort sem þær eru hagstæðar eða óhagstæðar, og ef kærunefndin ákveður að halda kærufund, skulu þær veittar *aðilum* málsins.

- (e) Ef kærunefndin ákveður að efna til kærufundar skal hún án tafar upplýsa aðilann skriflega um ætlað brot og tíma og staðsetningu kærufundarins og fara eftir verklaginu sem lýst er í reglum 63.2, 63.3(a), 63.4 og 63.6, nema:
- (1) hafi World Sailing ekki skipað til þess aðila má kærunefndin skipa aðila sem ber fram kæruna;
 - (2) aðili sem borinn er sökum samkvæmt þessari reglu er heimilt að hafa með sér ráðgjafa og fulltrúa sem mega koma fram fyrir hönd hans.
- (f) Ef aðilinn getur ekki verið viðstaddur kærufundinn og
- (1) hefur fyrir því gilda ástæðu skal kærunefndin ákveða nýjan tíma, eða
 - (2) hefur ekki gilda ástæðu og mætir ekki getur kærunefndin haldið kærufundinn án aðilans.
- (g) Um sönnunarmat gildir að það telst uppfyllt ef kærunefnd metur það fullnægjandi, að teknu tilliti til alvarleika ætlaðrar hegðunar. Ef sönnunarmatið samkvæmt þessari reglu stangast á við landslög getur landsyfirvald, að fengnu samþykki World Sailing, breytt því með fyrirmælum varðandi þessa reglu.
- (h) Þegar kærunefnd úrskurðar að keppandi eða eigandi báts hafi brotið gegn reglu 69.1(a) getur hún beitt einu eða fleiri af eftirfarandi úrræðum:
- (1) veitt áminningu,
 - (2) breytt stigatölu bátsins í einni eða fleiri keppnum, að meðtaldri brottvísun úr keppni sem gæti verið dregin frá samanlagðri stigatölu eða ekki,
 - (3) útilokað aðilann frá mótinu eða keppnisstaðnum eða svipt viðkomandi réttindum eða ávinningi og
 - (4) gripið til einhverra annarra úrræða sem eru innan valdsviðs hennar eins og kveðið er á um í *reglunum*.
- (i) Þegar kærunefndin úrskurðar að *aðstoðarmaður* hafi brotið gegn reglu 69.1(a), gildir regla 64.4.
- (j) Ef kærunefndin:
- (1) beitir harðari refsingu en sem nemur einu DNE,
 - (2) útilokar aðilann frá mótinu eða keppnisstaðnum, eða

- (3) í öðrum tilvikum sem hún telur viðeigandi, skal hún tilkynna niðurstöður sínar og úrskurði til landsyfirvalds viðkomandi einstaklings eða, vegna tiltekinna alþjóðlegra móta sem talin eru upp í reglugerðum World Sailing, til World Sailing. Ef kærunefndin hefur úrskurðað skv. reglu 69.2(f)(2) skal skýrslan einnig geta þess og þær ástæður sem eru þar að baki.
- (k) Ef kærunefnd ákveður að halda ekki kærufund að aðilanum fjarstöddum eða ef kærunefndin er farin af mótinu og það berst tilkynning um ætlað brot á reglu 69.1(a) getur keppisstjórnin eða skipuleggjendur mótsins skipað sömu eða nýja kærunefnd sem tekur við málinu skv. þessari reglu. Ef það er óhagkvæmt fyrir kærunefndina að halda kærufund skal hún safna saman öllum tiltækum upplýsingum og, ef staðhæfingin virðist réttmæt, skila skýrslu til landsyfirvalds viðkomandi aðila eða, vegna tiltekinna alþjóðlegra móta talin sem eru upp í reglugerðum World Sailing, til World Sailing.

69.3 Aðgerðir af hálfu landsyfirvalds og World Sailing

Agavald, úrræði og skyldur landsyfirvalds og World Sailing sem gilda eru talin upp í World Sailing-reglugerð 35, agareglur (e. *Disciplinary Code*). Landsyfirvöld og World Sailing geta beitt frekari refsingum, þ.m.t. sviptingu hlutgengis, samkvæmt þeirri reglugerð.

HLUTI D ÁFRÝJUN

70 ÁFRÝJUN OG BEIÐNI TIL LANDSYFIRVALDS

- 70.1 (a) Svo fremi að áfrýjun sé ekki óheimil skv. reglu 70.5, getur *aðili* að kærufundi áfrýjað ákvörðun kærunefndar eða starfsháttum hennar, en þó ekki staðreyndum máls.
- (b) Bátur má áfrýja ef honum er neitað um kærufund eins og gerð er krafa um í reglu 63.1.
- 70.2 Kærunefnd getur farið fram á staðfestingu eða leiðréttingu á úrskurði sínum.

- 70.3** Áfrýjun skv. reglu 70.1 eða beiðni kærunefndar skv. reglu 70.2 skal senda því landsyfirvaldi sem mótshaldari er aðili að skv. reglu 89.1. Fari bátar um lögsögu fleiri en eins landsyfirvalds meðan þeir *keppa* skulu kappsiglingarfyrirmæli tilgreina til hvaða landsyfirvalds skal senda áfrýjun eða beiðni.
- 70.4** Siglingafélagi eða öðru félagi með aðild að landsyfirvaldi er heimilt að fara fram á túlkun á *reglunum*, enda sé ekki um að ræða *kæru* eða beiðni um leiðréttingu sem kynni að vera áfrýjað. Túlkunina skal ekki nota til að breyta fyrri úrskurði kærunefndar.
- 70.5** Úrskurði alþjóðlegrar dómnefndar sem skipuð er í samræmi við ákvæði viðauka N verður ekki áfrýjað. Ennfremur má kveða svo á í tilkynningu um keppni og í kappsiglingafyrirmælum að áfrýjun sé óheimil, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
- (a) ef bráðnauðsynlegt er að ákveða þegar í stað úrslit í keppni sem sker úr um rétt báts til að taka þátt í síðari áfanga móts eða síðara móti (landsyfirvald getur kveðið svo á að slíkt fyrirkomulag skuli háð samþykki þess),
 - (b) ef landsyfirvald samþykkir þetta fyrirkomulag fyrir tiltekið mót, sem aðeins er opið þátttakendum innan vébanda þess, eða
 - (c) ef landsyfirvald samþykkir fyrirkomulagið að höfðu samráði við World Sailing, enda sé kærunefndin skipuð eins og kveðið er á um í viðauka N, að öðru leyti en því að aðeins tveir meðlimir kærunefndarinnar þurfa að vera alþjóðlegir dómarar.
- 70.6** Um áfrýjun og beiðni skal fara samkvæmt viðauka R.

71 NIÐURSTAÐA LANDSYFIRVALDS

- 71.1** Aðili sem á í *hagsmunaárekstri* eða sem var meðlimur í kærunefnd skal taka ekki nokkurn þátt í umræðum eða ákvörðun um niðurstöðu varðandi áfrýjun eða beiðni um staðfestingu eða leiðréttingu.
- 71.2** Landsyfirvald getur staðfest, breytt eða ógilt úrskurð kærunefndar, þ.m.t. úrskurð um réttmæti eða úrskurð varðandi reglu 69. Landsyfirvald getur mælt fyrir um endurupptöku kærufundar eða að ný kærufundur fari fram með sömu eða annarri kærunefnd. Þegar landsyfirvald úrskurðar að það skuli fara fram ný kærufundur er því heimilt að skipa nýja kærunefnd.

- 71.3** Telji landsyfirvald að málavextir, sem fyrir liggja frá kærunefnd sýni að bátur, sem var *aðili* að kærinni, hafi brotið *reglu* og er ekki sýknaður, skal það refsa honum hvort sem bátsins eða reglunnar var getið í niðurstöðu kærunefndar eða ekki.
- 71.4** Niðurstaða landsyfirvalds er endanleg. Landsyfirvaldið skal senda niðurstöðu sína skriflega til allra *aðila* að kærinni og til kærunefndar, sem skal vera bundin af niðurstöðunni.

6. KAFLI

SKRÁNING OG HLUTGENGI

75 SKRÁNING Í KEPPNI

75.1 Til þess að vera skráður til keppni skal bátur fullnægja kröfum þess yfirvalds sem heldur mótið. Þeir sem mega skrá bát eru

- (a) félagar í siglingafélagi eða öðru félagi innan vébanda landsyfirvalds sem er aðili að World Sailing,
- (b) siglingafélag eða annað félag, eða
- (c) aðili að landsambandi innan vébanda World Sailing.

75.2 Keppendur skulu hlíta World Sailing reglugerð 19, hlutgengisreglum.

76 ÚTILOKUN BÁTA EÐA KEPPENDA

76.1 Skipuleggjanda siglingakeppni eða keppnisstjórn er heimilt að hafna eða ógilda skráningu báts eða útiloka keppanda, sbr. þó reglu 76.3, enda sé það gert fyrir byrjun fyrstu keppni og ástæðan rökstudd. Sé þess óskað skal gefa skriflega ástæðu við fyrsta tækifæri. Báturinn getur óskað eftir leiðréttingu ef hann telur að höfnunin eða útilokunin sé óréttmæt.

76.2 Skipuleggjandi móts eða keppnisstjórn skal þó ekki hafna eða ógilda skráningu báts eða útiloka keppanda vegna auglýsingar, enda fari báturinn eða keppandinn eftir World Sailing reglugerð 20, auglýsingareglum.

76.3 Sé um að ræða heimsmeistaramót eða álfumót skal ekki hafna eða ógilda skráningu innan setts kvóta nema að fengnu samþykki viðkomandi alþjóðaflokkssambands (eða Úthafskappsiglingaráðsins (ORC)), eða World Sailing.

77 SEGLAMERKINGAR

Bátur skal fara eftir fyrirmælum í viðauka G um flokksmerki, þjóðernisbókstafi og seglanúmer.

78 FYLGNI VIÐ FLOKKSREGLUR, MÆLIBRÉF

78.1 Þegar bátur *keppir* skal eigandi báts eða hver sá sem ber ábyrgð á honum tryggja að bátnum sé við haldið í samræmi við flokksreglur og að mælibréf hans eða forgjafarskírteini, þar sem það á við, sé í gildi. Að auki skal báturinn vera í samræmi á öðrum tímum sem tilgreindir eru í flokksreglum, tilkynningu um keppni eða kappsiglingafyrirmælum.

78.2 Þegar *regla* gerir kröfu um að gildu skírteini sé framvísað eða tilvist þess sé staðfest áður en bátur *keppir* og skírteininu er ekki framvísað má báturinn *keppa* enda fá keppisstjórn í hendur skriflega yfirlýsingu, undirritaða af ábyrgðaraðila bátsins, að til sé gilt skírteini. Báturinn skal framvísa skírteininu eða sjá til þess að keppisstjórn geti staðfest tilvist þess. Refsing fyrir brot gegn þessari reglu er brottvísun úr öllum umferðum mótsins án kærufundar.

79 FLOKKUN

Ef tilkynning um keppni eða flokkareglur krefjast þess að sumir eða allir keppendur fullnægi reglum um flokkun skal flokkun fara fram eins og lýst er í World Sailing reglugerð 22, flokkun siglingamanna.

80 AUGLÝSINGAR

Bátur og áhöfn hans skulu fara eftir World Sailing reglugerð 20, auglýsingareglum.

81 ANNAR KEPPNISTÍMI ÁKVEÐINN

Þegar annar keppnistími en sá sem tilgreindur er í tilkynningu um keppni hefur verið ákveðinn skulu allir þeir bátar sem skráðir voru í upphaflegu keppnina látnir vita. Ef keppisstjórn samþykkir má skrá aðra báta til keppni í samræmi við kröfur um skráningu í hina upphaflegu keppni.

7. KAFLI

SKIPULAGNING KEPPNI

84 GILDANDI REGLUR GILDANDI REGLUR

Skipuleggjandi siglingakeppni, keppnisstjórn, tækninefnd, kærunefnd og aðrir starfsmenn keppinnar skulu hlíta ákvæðum þessara *reglna* um framkvæmd keppni og dómgæslu.

85 BREYTINGAR Á REGLUM

85.1 Breyting á *reglu* skal vísa í *regluna* og tilgreina breytinguna. Það telst einnig breyting á *reglu* ef við hana er bætt eða ef hluta hennar eða henni allri er sleppt.

85.2 Aðeins má breyta eftirfarandi reglum eins og sýnt er hér .

<i>Tegund reglu</i>	<i>Breyting aðeins leyfð skv.</i>
Kappsiglingaregla	reglu 86
Regla í World Sailing-reglugerð	reglu í þeirri reglugerð
Fyrirmæli landsyfirvalds	reglu 88.2
Flokksregla	reglu 87
Regla í tilkynningu um keppni	reglu 89.2(b)
Regla í kappsiglingafyrirmælum	reglu 90.2(c)
Regla í öllum öðrum skjölum varðandi keppnina	reglu í skjalinu sjálfu

86 BREYTINGAR Á KAPPSIGLINGAREGLUNUM

86.1 Kappsiglingareglu má ekki breyta, nema það sé leyft í sjálfri reglunni og samkvæmt eftirfarandi:

- (a) Breyta má reglu með fyrirmælum landsyfirvalds, þó ekki skilgreiningum, almennu meginreglunum, reglu í inngangi; 1., 2. og 7. kafla; reglum 42, 43, 63.4, 69, 70, 71, 75, 76.3, 79 og 80; reglum í viðauka sem breyta einhverri af þessum reglum; viðauka H og N; World Sailing-reglugerðum 19, 20, 21, 22, 35 og 37.

- (b) Í tilkynningu um keppni eða kappsiglingafyrirmælum má breyta kappsiglingareglum, þó ekki reglu 76.1 eða 76.2, viðauka R, eða reglu sem talin er upp í reglu 86.1(a).
- (c) Með flokksreglum má einungis breyta kappsiglingareglum 42, 49, 50, 51, 52, 53 og 54.

86.2 Þrátt fyrir reglu 86.1 er World Sailing heimilt, í einstökum tilvikum, að heimila breytingar á kappsiglingareglunum í tilgreindum alþjóðlegum kappsiglingamótum (sjá World Sailing-reglugerð 28.1.3). Heimildin skal tilkynnt mótshaldara bréflega og skal tekin fram í tilkynningu um keppni og kappsiglingafyrirmælum og bréfið skal sett upp á opinberri tilkynningatöflu mótshaldara.

86.3 Hafi landsyfirvald mælt svo fyrir skulu takmarkanirnar í reglu 86.1 ekki gilda ef reglum er breytt til að próa eða prófa breytingar á reglum. Landsyfirvald getur mælt fyrir um að samþykki þess þurfi fyrir slíkum breytingum.

87 BREYTING Á FLOKKSREGLUM

Í tilkynningu um keppni eða kappsiglingafyrirmælum má einungis breyta flokksreglum ef það er leyft í flokksreglunum sjálfum, eða þegar skriflegt samþykki frá flokkssambandinu er birt á tilkynningatöflu mótsins.

88 FYRIRMÆLI LANDSYFIRVALDS

88.1 Fyrirmæli sem gilda

Fyrirmæli sem gilda um keppni eru fyrirmæli landsyfirvalds þess sem skipuleggjandi keppni tilheyrir skv. reglu 89.1. Ef bátar fara um svæði fleiri en eins landsyfirvalds þegar þeir *keppa*, skulu tilkynning um keppni eða kappsiglingafyrirmæli tilgreina hvenær og hvaða fyrirmæli gilda.

88.2 Breytingar á fyrirmælum

Tilkynning um keppni eða kappsiglingafyrirmæli geta breytt fyrirmælum. Þó getur landsyfirvald takmarkað breytingar á fyrirmælum sínum með tilvísun til þessarar reglu svo fremi að World Sailing samþykki. Fyrirmælum sem þannig eru takmörkuð er óheimilt að breyta.

89 MÓTSHALDARAR, TILKYNNING UM KEPPNI, SKIPUN EMBÆTTISMANNA

89.1 Mótshaldarar

Eftirtaldir hafa heimild til að halda mót

- (a) World Sailing,
- (b) landsyfirvald sem er aðili að World Sailing,
- (c) siglingafélag með aðild,
- (d) félag með aðild annað en siglingafélag og, ef landsyfirvald mælir svo fyrir, með samþykki landsyfirvalds eða í samvinnu við félag með aðild,
- (e) flokkssamband án aðildar, annað hvort með samþykki landsyfirvalds eða í samstarfi við félag með aðild,
- (f) tvö eða fleiri af ofangreindum samtökum,
- (g) aðili án aðildar í samvinnu við siglingafélag með aðild þar sem viðkomandi aðili er í eigu og lýtur stjórn félagsins. Landsyfirvald félagsins getur sett fyrirmæli um að samþykki sé áskilið fyrir slíku móti, eða
- (h) aðili án aðildar í samvinnu við siglingafélag með aðild þar sem viðkomandi aðili er ekki í eigu né lýtur stjórn félagsins, enda liggi þá fyrir samþykki World Sailing og landsyfirvalds félagsins.

Í þessari reglu 89.1 telst félag vera með aðild ef það er með aðild að landsyfirvaldi mótsins; að öðrum kosti telst félagið ekki vera með aðild. Fari bátar um lögsögu fleiri en eins landsyfirvalds meðan þeir *keppa* telst félag vera með aðild ef það er með aðild að landsyfirvaldi í einni af viðkomuhöfnunum.

89.2 Tilkynning um keppni, skipun embættismanna

- (a) Skipuleggjandi móts skal gefa út tilkynningu um keppni eins og kveðið er á um í reglu J1.
- (b) Tilkynningu um keppni má breyta sé það tilkynnt með fullnægjandi hætti.
- (c) Mótshaldari skal skipa keppnisstjórn og, ef við á, kærunefnd, tækninefnd og dómara. Heimilt er þó að World Sailing skipi keppnisstjórn, alþjóðlega dómnefnd, tækninefnd og dómara eins og kveðið er á um í reglugerðum World Sailing.

90 KEPPNISSTJÓRN, KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI, STIGAGJÖF

90.1 Keppnisstjórn

Keppnisstjórn skal halda keppni í samræmi við fyrirmæli skipuleggjanda móts og samkvæmt reglunum.

90.2 Kappsiglingafyrirmæli

- (a) Keppnisstjórn skal gefa út skrifleg kappsiglingafyrirmæli sem eru í samræmi við reglu J2.
- (b) Þegar við á og búist er við keppendum frá öðrum þjóðum skal ensk þýðing á viðeigandi fyrirmælum landsyfirvalds birt í kappsiglingafyrirmælum.
- (c) Gera má breytingar á kappsiglingafyrirmælum að því tilskyldu að það sé gert skriflega innan tilskilins tíma með því að hengja þær upp á opinbera tilkynningatöflu mótsins, eða, ef breyting er gerð úti á sjó, með því að koma tilkynningu til allra báta áður en aðvörunarmerki þeirra er gefið. Munnlegar breytingar má aðeins tilkynna úti á sjó ef getið er um fyrirkomulag slíkra breytinga í kappsiglingafyrirmælum.

90.3 Stigagjöf

- (a) Keppnisstjórn skal gefa stig í keppni eða keppnisröð í samræmi við viðauka A, með lágstigakerfi, nema tilkynning um keppni eða kappsiglingafyrirmælum tilgreini annað kerfi. Gefa skal stig ef ekki er *hætt við keppni* og ef einn bátur siglir brautina í samræmi við reglu 28 og *lýkur keppni* innan tímatakmarka, ef einhver eru, jafnvel þótt hann hætti keppni eftir að hafa *lokið* henni eða sé vísað úr keppni.
- (b) Þegar gert er ráð fyrir því í stigakerfi að hægt sé að undanskilja úrslit við útreikning samanlagðs árangurs, skal telja Disqualification Not Excludable (DNE) með í heildarstigatölu báts.
- (c) Þegar keppnisstjórn ákvarðar með hliðsjón af eigin gögnum eða athugunum að hún hafi skráð ranga stigatölu á bát skal hún leiðrétta villuna og gera leiðréttar stigatölur aðgengilegar keppendum.

91 KÆRUNEFND

Kæruneftnd skal vera

- (a) nefnd sem skipuð er af mótshaldara eða keppnisstjórn,
- (b) alþjóðleg kæruneftnd sem skipuð er af mótshaldara eða í samræmi við reglugerðir World Sailing. Hún skal vera skipuð eins og kveðið er á um í reglu N1 og hafa það vald og þær skyldur sem kveðið er á um í reglu N2. Landsyfirvald getur mælt svo fyrir að samþykki þess þurfi til að skipa alþjóðlegar dómneftndir við mót sem haldin eru á yferráðasvæði þess, nema um sé að ræða mót á vegum World Sailing eða alþjóðleg dómneftnd sé skipuð af World Sailing í samræmi við reglu 89.2(c), eða
- (c) nefnd sem skipuð er af landsyfirvaldi í samræmi við reglu 71.2.

92 TÆKNINEFTND

- 92.1 Tæknineftnd skal vera nefnd með að minnsta kosti einum aðila og er skipuð af mótshaldara eða keppnisstjórn eða eins og kveðið er á um í reglugerðum World Sailing.
- 92.2 Tæknineftndin skal framkvæma skoðanir á búnaði og mælingar á mótum samkvæmt fyrirmælum mótshaldara og eins og kveðið er á um í *reglunum*.

ÞESSI HLIÐ ER FYRIR KÆRUNEFND

Númer

Fyllið út og hakið við eins og við

Tekin fyrir með kærnum númer

Óskað eftir að draga til baka Undirskr.Samþykkt að draga til baka

Flokkur Floti Keppni

Kæra eða ósk um leiðr. eða endurupptöku lögð fram innan frests Kærufrestur lengdur

Fulltrúi kæranda eða þess sem óskar leiðréttingar eða endurupptöku

Fulltrúi hins aðilans eða þess báts sem mögulega á rétt á leiðréttingu

Nöfn vitna

Túlkar

Athugasemdir

Hagsmunaárekstri lýst yfir Andmæli: Já Nei

Rituð kæra eða beiðni lýsir atviki

Var kallað „Ég kæri“ við fyrsta tækifæri?

Ekki þörf á kalli; kærður látinn vita við fyrsta tækifæri

Rauður fáni sýndur með skýrum hætti við fyrsta tækifæri

Kæra/beiðni er gild; kærufundur heldur áfram Kæra/beiðni er ógild; kærufundi er lokið

STAÐREYNDIR MÁLSINS

.....

.....

.....

.....

.....

.....

.....

Skýringarmynd af bát er samþykkt af nefnd Skýringarmynd kæruneftndar fylgir

NIÐURSTAÐA OG REGLUR SEM GILDA

.....

.....

ÚRSKURÐUR

Kæra: vísað frá Bátur/bátar er/eru dæmdir úr leik í keppni

refsað með eftirfarandi hætti :

Leiðrétting: ekki veitt veitt með eftirfarandi hætti :

Ósk um endurupptöku: hafnað veitt

Formaður kæruneftndar og aðrir meðlimir

.....

Undirskrift formanns

Dags. og tími

